

Ársskýrsla 2024

Þjóðskjalasafn Íslands



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Ársskýrsla 2024
Þjóðskjalasafn Íslands

Útgefandi:

Þjóðskjalasafn Íslands

Laugavegi 162

105 Reykjavík

5903300

upplýsingar@skjalasafn.is

www.skjalasafn.is

© Júní 2025 Þjóðskjalasafn Íslands

ISSN 3023-2384 (Prentuð útgáfa)

ISSN 3023-2392 (Rafræn útgáfa)

Ársskýrsla Þjóðskjalasafns Íslands 2024

Yfirlit um starfsemi

Þjóðskjalasafn Íslands - Reykjavík 2025

Efnisyfirlit

Ávarp Þjóðskjalavarðar	7
1. Þjóðskjalasafn Íslands.....	8
Þjóðskjalasafn sem stjórnsýslustofnun.....	8
Minni íslensks samfélags	8
2. Innri starfsemi	9
Stjórnarnefnd 2023-2026	9
Aðalmenn:.....	9
Varamenn:	9
Skipulag og stjórnun	10
Framkvæmdastjórn í árslok 2024:	11
Breytingar á lögum um opinber skjalasöfn.....	12
Mannauður.....	13
Starfsþróun og starfsánægja	13
Samskipti og heilsa	14
Jafnrétti	14
Rekstrar- og efnahagsreikningur	15
Húsnæðismál.....	16
Grænt Þjóðskjalasafn	17
3. Notendur þjónustu Þjóðskjalasafns	18
4. Skjalavarsla og skjalastjórn	19
Afhendingar pappírsskjala	19
Afhendingar rafrænna gagna	20
Grisjunarbeiðnir	21
Málalyklar og skjalavistunaráætlanir	21
Tilkynning rafrænna gagnasafna.....	22

Ráðgjöf og fræðsla til afhendingarskyldra aðila	22
Námskeið	22
Ráðgjafaferðir á landsbyggðina	23
Námskeið hjá Starfsmennt	23
Samstarf við Rigsarkivet	23
Eftirlitskönnun	23
Einkaskjalasöfn	24
Forvarsla	24
Skráning skjalasafna	26
5. Aðgengi og þjónusta.....	27
Skjalaskrá og Einkaskjalasafn.is	27
Útlán og notkun skjala	27
Fyrirspurnir vegna safnkosts	27
Heimsóknir á lestrarsal.....	28
6. Sýningar, viðburðir og rannsóknir	29
Vorráðstefna Þjóðskjalasafns	29
Rannsóknadagur Þjóðskjalasafns	29
Þjóðlendurannsóknir	30
Fjórháa bindi skjala Yfirréttarins	31
Safnanótt.....	32
Samstarf við Háskóla Íslands um nám í hagnýtri skjalfræði	32
7. Miðlun.....	33
Nýr vefur Þjóðskjalasafns	33
Stafræn endurgerð.....	34
Skráning sóknarmannatala	34
Innlent og erlent samstarf.....	34
Samstarf um stafræn hugvísindi	35
Hlaðvarp Þjóðskjalasafns – <i>Til skjalanna</i>	35

Hlaðvarpsþættir 2024	35
Arkir – fréttir af safnkosti	36
Heimild mánaðarins	36
Samfélagið á Rás 1	38
Fyrir alla muni	39
8. Samstarf opinberra skjalasafna	40
Tilfærsla á verkefnum tveggja héraðsskjalasafna til Þjóðskjalasafns	40
Fundur opinberra skjalasafna	40
Fræðsluheimsókn starfsfólks héraðsskjalasafna í Þjóðskjalasafn	40
Þjóðskjalavörður heimsækir héraðsskjalasöfn	41
Samráðshópur um einkaskjalasöfn	41
Styrkir til héraðsskjalasafna	42
9. Alþjóðasamstarf	44
Evrópsk stefna í skjalamálum	44
Fundur norrænna skjalasafna í Hveragerði	44
Norrænir sérfræði- og samráðshópar	45
10. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	46
Viðauki 1. Starfsfólk Þjóðskjalasafns 1. desember 2024	48
Viðauki 2. Afhendingar 2024	49
Viðauki 3. Útgefin rit, erindi og greinar um skjalavörslu og safnkost Þjóðskjalasafns	56
Útgefnar bækur	56
Erindi og greinar	56

Ávarp þjóðskjalavarðar

Þjóðskjalasafn Íslands gegnir mikilvægum hlutverkum bæði í stjórnsýsluverk-efnum sem og á sviði menningarinnar. Sífellt er unnið að því að styrkja grundvöllinn og bæta þjónustu við almenning. Helstu verkefna er getið hér í ársskýrslunni og er af mörgu að taka.

Kjarnasviðum Þjóðskjalasafns var fjölgað á árinu og skrifstofa rekstrar gerð að stoðsviði. Verkefni fluttust frá rekstrarskrifstofunni og hún gerð sérhæfðari, en uppbygging og styrking rekstrar hefur verið áhersluverkefni síðastliðin tvö ár. Á næstu misserum verður lögð lokahönd á þær breytingar. Kjarnastarfsemin er nú á tveimur sviðum, skrifstofu skjalavörslu og skjalastjórnar og skrifstofu fræðslu og rannsókna. Kallast þar á tilurð skjalanna og notkun þeirra. Án skilvirkrar skjalavörslu og góðrar skráningar við afhendingu gagna verður lítið um skilvirk not. Gott aðgengi að gögnum, miðlun og notkunarmöguleikar fyrir almenning, fræðimenn, stofnanir og aðra sem aðgangs æskja er á hinn bóginn forsenda þess að hinar verðmætu upplýsingar nýtist. Varðveisla og öryggi þessara grundvallargagna samfélagsins skiptir því öllu máli.

Öflugt starf hefur verið unnið við miðlun gagna á vef og skráning eldri skjalasafna hefur verið stórauvin. Samhliða hefur rík áhersla verið lögð á varðveislu einkaskjalasafna. Nýtt skráningarkerfi var tekið í notkun undir lok árs og verður unnið að innleiðingu og þróun þess næstu misseri. Það snýr jafnt að innri sem ytri notendum og ný birting skannaðra skjala verður innleidd.

Opinber skjöl og opinber skjalasöfn eru óaðskiljanlegur hluti lýðræðissamfélags og í raun ein af grunnstöðum þess. Upplýsingar eru verðmæti fyrir alla. Á vettvangi skjalasafna á Norðurlöndum og í Evrópu er mikið rætt um og áhersla lögð

á lýðræðishugtakið. Það hefur aldrei verið mikilvægara en um þessar mundir þegar margs konar ógn steðjar að opnum lýðræðissamfélögum. Þetta birtist í áherslu á að skjalasöfn beiti sér fyrir því að tryggja annars vegar að mikilvægar upplýsingar um stjórnsýslu og samfélag skili sér örugglega til skjalasafna, forgangsöröðun verkefna sé fyrir hendi og kröftum beint þangað sem þeirra er þörf. Þannig er unnið að skilgreiningum á því hvað séu samfélagslega mikilvægar upplýsingar, ekki einungis að því hvaða aðilar eru afhendingarskyldir á gögnum sínum.

Ekki síður er mikilvægt að skjalasöfn geti tryggt að varðveittar upplýsingar og gögn samfélagsins skili sér óbrengruð til notenda, að hægt sé að treysta því að opinberar upplýsingar séu öruggar og upprunalegar á tímum gervigreindar og netárása. Raunverulegt öryggi skjalasafna og gagna sem þau varðveita skiptir því miklu máli á öllum tímum og húsnæði og varðveislurými er stöðugt viðfangsefni.

Það er ekki tilviljun að á stríðstímum er oft reynt að brjóta niður menningarleg og stjórnsýsluleg verðmæti, afnema rök fyrir réttindum sem meðal annars eru varðveitt í skjalasöfnum. Það er ekki sjálfgefið að hægt sé að tryggja varðveislu alls sem í söfnunum er, jafnvel þótt vel sé að öllu staðið. Bókstafleg öryggisógn vegur að lýðræðinu og vegur að grunnstöðum samfélaga. Við sem blessunarlega stöndum utan við átakasvæði höfum möguleika á að tryggja hag stjórnsýslunnar og menningarinnar með skilvirkum hætti.

Hrefna Róbertsdóttir, þjóðskjalavörður



1. Þjóðskjalasafn Íslands

Þjóðskjalasafn Íslands er ein af grunnstofnunum ríkisins og starfar eftir lögum um opinber skjalasöfn, nr. 77/2014. Þar er kveðið á um meginhlutverk Þjóðskjalasafns og er það í grundvallaratriðum tvíþætt; annars vegar að gegna hlutverki framkvæmdaaðila opinberrar skjalavörslu og skjalastjórnar og hins vegar að gegna hlutverki opinbers skjalasafns. Tilurð skjala, meðhöndlun þeirra og varðveisla (rafræn og á pappír) er grunnþáttur sem allt annað byggist á. Þjóðskjalasafn sinnir því einni af grunnstöðum lýðræðis í landinu; tilurð, varðveisla og aðgengi að upplýsingum. Það er meðal annars gert með því að setja stjórnsýslunni reglur með það að markmiði að tryggja upplýsingarétt, gagnsæi og aðgengi.

Þjóðskjalasafn sem stjórnsýslustofnun

Þjóðskjalasafn Íslands hefur það hlutverk lögum samkvæmt að setja reglur um skjalavörslu og skjalastjórn afhendingarskyldra aðila, gefa út leiðbeiningar, standa fyrir fræðslu og veita ráðgjöf um skjalavörslu og skjalastjórn. Jafnframt hefur safnið eftirlit með því að afhendingarskyldir aðilar uppfylli þau lög og reglur sem skjalahaldi þeirra eru settar. Afhendingarskyldir aðilar til Þjóðskjalasafns eru um 500 talsins. Að auki hefur Þjóðskjalasafn eftirlit með héraðsskjalasöfnum sem starfandi eru á landinu. Því til viðbótar heyra undir Þjóðskjalasafn sveitarfélög á svæðum þar sem ekki eru starfandi héraðsskjalasöfn. Þjóðskjalasafn veitir aðgang að skjölum og gögnum sem það hefur í vörslu sinni á grundvelli laga, þar sem hagsmunir og réttindi borgaranna, fyrirtækja og stofnana eru höfð að leiðarljósi.

Minni íslensks samfélags

Stundum er talað um skjalasöfn og skyldar stofnanir sem „minnisstofnanir“ samfélagsins (memory institutions). Það á vel við og lýsir menningarlegu hlutverki Þjóðskjalasafns. Það varðveitir heimildir um íbúa landsins, stofnanir þess, stjórnsýslu, atvinnulíf, félagslíf og menningu frá elstu tímum til samtímans.

Rétt meðhöndlun skjala samkvæmt reglum og leiðbeiningum Þjóðskjalasafns er lykillinn að því að skjalasöfn varðveitist til framtíðar. Afhendingarskyldir aðilar, sem fara eftir lögum og reglum, ganga frá gögnum sínum til afhendingar og skila þeim inn til safnsins ásamt skráum og lýsigögnum. Skrárnar fara svo fljótt sem verða má í birtingu í skjalaskrá Þjóðskjalasafns og gögn eru afgreidd til notenda samkvæmt gildandi lögum. Einkaskjöl koma eftir öðrum leiðum og leitast er við að aðstoða þá sem afhenda þau við frágang til að skjölin verði sem aðgengilegust.

Saman mynda opinber skjöl og einkaskjöl minni íslensks samfélags. Til að tryggja langtíma vörslu þessara skjala er hugað að því að varðveisluskilyrði séu eins og best verður á kosið með fyrirbyggjandi forvörslu. Styrkjandi forvörslu er líka beitt þar sem það á við, gert við mikilvæg gögn til að tryggja varðveislu þeirra til framtíðar, auk þess sem skönnun og birting skjala á vef er mikilvægur hlekkur í að gera menningararfinn aðgengilegan. Skönnun skjala hefur tvíþætt markmið, að bjarga upplýsingum á gögnum sem ekki þola meðhöndlun og útlán auk þess að gera skjöl aðgengilegri almenningi í rafrænum lestarsal.

2. Innri starfsemi

Stjórnarnefnd 2023-2026

Þjóðskjalasafn Íslands heyrir undir menningar-, nýsköpunar og háskólaráðuneytið. Ráðuneytið skipar stjórnarnefnd safnsins sem er þjóðskjalaverði til ráðgjafar um stefnu og önnur málefni sem varða starfsemi þess. Stjórnarnefndin veitir þjóðskjalaverði umsagnir um árlegar starfs- og fjárhagsáætlanir og skipulag safnsins.

Ný stjórnarnefnd var skipuð af menningar- og viðskiptaráðherra þann 1. janúar 2023 með skipunartíma til 31. desember 2026.

Á árinu urðu breytingar á stjórnarnefnd og í lok árs lét Anna Agnarsdóttir af formennsku en hún hafði setið í stjórnarnefndinni í átta ár. Það er hámarkseta fulltrúa í stjórnarnefnd og var Anna kvödd með þökkum fyrir afar vel unnin störf og dyggan stuðning.

Í lok árs var nefndin þannig skipuð:

Aðalmenn:

Anna Agnarsdóttir, formaður, skipuð án tilnefningar,

Erla Hulda Halldórsdóttir, varaformaður, tilnefnd af Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands,

Gunnar Örn Hannesson, tilnefndur af starfsfólki Þjóðskjalasafns Íslands,

Jóna Símónía Bjarnadóttir, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga,

Óskar Jörgen Sandholt, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Ragna Kemp Haraldsdóttir, tilnefnd af félagsvísindasviði Háskóla Íslands,

Varamenn:

Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, tilnefndur af félagsvísindasviði Háskóla Íslands,

Karen Þóra Sigurkarlsdóttir, tilnefnd af starfsfólki Þjóðskjalasafns Íslands,

Kolbrún Erna Magnúsdóttir, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga,

Páll S. Brynjarsson, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Valur Ingimundarson, skipaður án tilnefningar

Viðar Pálsson, tilnefndur af Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands,

Þjóðskjalavörður situr fundi stjórnarnefndar með málfrelsi og tillögurétt.

Stjórnarnefnd fundaði þrisvar á árinu 2024, 14. mars, 11. september og 11. desember. Fundargerðir stjórnarnefndar eru birtar á vef safnsins [hér](#).



Anna Agnarsdóttir kvödd eftir átta ára stjórnarnefndarsetu.

Skipulag og stjórnun

Skipurit Þjóðskjalasafns Íslands sýnir starfsemi stofnunarinnar. Nýtt skipurit tók gildi 1. október 2024. Svið safnsins eru nú þrjú, kjarnasviðin tvö; skrifstofa skjalavörslu og skjalastjórnar og skrifstofa fræðslu og rannsókna, og stoðsviðið skrifstofa rekstrar. Með nýju skipuriti var sú breyting gerð að fageiningin fræðsla og rannsóknir varð að kjarnasviði og fageiningum fækkaði í sjö; gagna-skil og eftirlit, stafræn endurgerð, skráning, upplýsingaþjónusta, varðveisla, mannauðs- og gæðamál og húsnæðis- og öryggismál. Fagstjórar stýra fageiningum safnsins. Þjóðskjalavörður, aðstoðarþjóðskjalavörður, framkvæmdastjóri rekstrar og sviðsstjóri fræðslu og rannsókna mynda framkvæmdastjórn sem fundar að jafnaði vikulega.


Framkvæmdastjórn í árslok 2024:

Hrefna Róbertsdóttir, þjóðskjalavörður

Njörður Sigurðsson, aðstoðarþjóðskjalavörður

Þuríður Árnadóttir, sviðsstjóri rekstrar

Ólafur Arnar Sveinsson, sviðsstjóri fræðslu og rannsókna



Breytingar á lögum um opinber skjalasöfn

Þann 5. júlí 2024 tóku gildi breytingar á lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn sem samþykkt voru á Alþingi þann 22. júní síðastliðinn. Tvö lagafrumvörp voru þá samþykkt sem höfðu áhrif á lög um opinber skjalasöfn, annars vegar [lög nr. 88/2024 um Mannréttindastofnun Íslands](#) og hins vegar [lög nr. 108/2024 um breytingu á lögum um opinber skjalasöfn \(gjaldskrá, rafræn skil\)](#). Með lögum um Mannréttindastofnun Íslands var ákvæði sett inn í lög um opinber skjalasöfn um að stofnunin yrði undanþegin afhendingarskyldu til Þjóðskjalasafns eins og Alþingi og stofnanir þess hafa verið.

Lögin um breytingu á [lögum um opinber skjalasöfn](#) höfðu í för með sér umfangsmeiri breytingar. Tilefni breytinganna voru ákvarðanir Reykjavíkurborgar og Kópavogsbæjar um að leggja niður héraðsskjalasöfn sín. Þegar reyndi á þessar ákvarðanir kom í ljós að lög um opinber skjalasöfn voru ekki nægilega skýr, einkum er varðar gjaldtökuheimildir opinberra skjalasafna.

Vinna við lagafrumvarpið gaf jafnframt tækifæri til að breyta öðrum ákvæðum laganna sem nauðsynlegt þótti. Helstu breytingar á lögum um opinber skjalasöfn sem urðu með samþykkt laganna eru þessar:

1. Skerpt var á orðalagi laganna um hvernig haga skuli stjórnsýslu þegar ákveðið er að hætta starfsemi héraðsskjalasafns, hvort sem það er rekið af sveitarfélagi eða byggðasamlagi, svo að standa megir vel að undirbúningi flutnings safnkosts og tilfærslu verkefna héraðsskjalasafns.
2. Heimildir Þjóðskjalasafns Íslands til gjaldtöku af sveitarfélögum sem ekki reka héraðsskjalasafn og eru afhendingarskyld til Þjóðskjalasafns voru gerðar skýrari. Samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn eiga öll sveitarfélög að bera kostnað af langtímavörslu skjala sinna, annað hvort


með því að reka sjálf héraðsskjalasafn, að vera aðili að slíku safni, eða með því að afhenda skjöl til Þjóðskjalasafns og greiða fyrir vörsluna. Hingað til hefur Þjóðskjalasafni eingöngu verið gert kleift að taka gjald fyrir vörslu skjala sveitarfélaga en ekki fyrir aðra þjónustu sem safnið á að veita samkvæmt lögunum, svo sem ráðgjöf um skjalahald, eftirlit með því og miðlun gagna. Með skýrari gjaldtökuheimildum fyrir Þjóðskjalasafn er jafnræði sveitarfélaga um kostnað við langtímavörslu eigin skjala betur tryggt en fyrir breytingu laganna.

3. Bráðabirgðaákvæði var sett um að þjóðskjalavörður geti boðið starfsfólki héraðsskjalasafna sem hafa hætt starfsemi störf í Þjóðskjalasafni án undanfarandi auglýsingar.
4. Nýtt ákvæði var sett um að opinber skjalasöfn geti tekið gjald fyrir aukna rannsóknarvinnu við aðgang að gögnum.
5. Gjaldtökuheimildir opinberra skjalasafna eru gerðar skýrari. Í stað þess að ýmist sé kveðið á um að ráðherra setji reglugerð um slík gjöld eða að opinber skjalasöfn setji gjaldskrár er skýrt fram tekið í einu gjaldskrárákvæði fyrir hvað opinberum skjalasöfnum er heimilt að innheimta gjald og hvaða kostnaðarþættir skulu vera innifaldir í gjaldinu.
6. Sett er sú meginregla að skjöl afhendingarskyldra aðila verði afhent til opinbers skjalasafns á rafrænu formi til langtímavörðveislu. Um er að ræða mjög mikilvæga breytingu sem styður við stafræna vegferð hins opinbera, bæði hjá ríki og sveitarfélögum, og mun tryggja betur varðveislu upplýsinga hins opinbera, sem er nánast að öllu leyti á rafrænu formi.

Mannauður


Hjá Þjóðskjalasafni starfar breiður hópur starfsfólks að því að vera leiðandi í skjalavörslu og skjalastjórn á Íslandi. Í árslok 2024 taldi starfsfólk Þjóðskjalasafns 46 í 42,3 stöðugildum. Meðalaldur starfsfólks var 50 ár. Konur voru 46% starfsfólks, karlar 54% og kynsegin/annað 0%.

Starfsmannavelta var mjög lítil á árinu eða 0,2%. Í samræmi við lága starfsmannaveltu var starfsaldur nokkuð hár eða tæplega 10 ár að meðaltali. Á árinu 2024 voru 3 starfsmenn ráðnir, í starf forvarðar, skjalastjóra og í tímabundna stöðu skjalavarðar. Ársverk við safnið voru 38,9 árið 2024.



Starfsaldur 2024

Hjá Þjóðskjalasafni er mjög hátt menntunarstig en allt starfsfólk hefur stundað háskólanám og allir nema tveir lokið háskólaprófi. Stór hluti starfsfólks er með próf í sagnfræði eða 63%. En einnig er starfsfólk með háskólapróf í skjalfraði,



Menntunarstig starfsfólks 2024

bókasafns- og upplýsingafræði, þjóðfræði, kerfisfræði, stjórnmálafræði, stjórnsýslufræði, vinnumarkaðsfræði, verkfræði, mannauðsstjórnun, lögfræði, miðlun, kennslufræði, viðskiptafræði, tölvunarfræði, listum, verkefnastjórnun og forvörslu. Þá eru nokkrir með meistaraþróf og/eða diplóma í fleiri en einu fagi og 8% starfsfólks með doktorsþróf.

Starfsþróun og starfsánægja

Þjóðskjalasafn leggur áherslu á að starfsfólk auki þekkingu sína og menntun með ýmsum hætti og fái tækifæri til að vaxa og dafna í starfi. Starfsþróunarsamtöl eru nýtt til að greina þarfir starfsfólks og stofnunar og á árinu var áhersla lögð á fjölbreytta og áhugaverða fræðslu sem styddi við verkefnin og að

fageiningar stæðu sjálfar fyrir kynningum fyrir samstarfsfólk á helstu viðfangsefnum og áskorunum.

Á árinu voru framkvæmdar reglubundnar vinnustaðagreiningar og HR Monitor mælingar nýttar til að rýna helstu mannauðsmælikvarða niður á einstök fagsvið og/eða skrifstofur. Eins og undanfarin ár tók Þjóðskjalasafn þátt í könnuninni *Stofnun ársins* á vegum Sameykis og fjármála- og efnahagsráðuneytisins og lenti í 21. sæti af 39 stofnunum í flokki stofnana með 40-89 starfsmenn eða aðeins fyrir neðan miðgildi stofnana í sama flokki.

Niðurstöður þessara mannauðsmælinga gefa vísbendingar um starfsánægju og líðan starfsmanna og voru nýttar til að greina hvar má gera betur og hafa ýmis úrbótaverkefni verið sett í gang á árinu í samræmi við niðurstöður, einkum á sviði fræðslu og þjálfunar, eflingu innri fræðslu með heimsóknum milli fageininga, eflingar stjórnenda og liðsheildar, endurgjafar og upplýsingamiðlunar til starfsfólks. Öllu starfsfólki er boðið til árlegs starfsmannasamtals með næsta yfirmanni þar sem meðal annars er rætt um faglegar og persónulegar áskoranir, frammistöðu og líðan í starfi.

Samskipti og heilsa

Á miðju ári 2024 var opnaður nýr innri vefur, til að efla upplýsingamiðlun til starfsfólks um vinnustaðinn, sem er kallaður *Portið*. Á *Portinu* er miðlað til starfsfólks upplýsingum um vinnustaðinn: um mannauðsmál, fréttir, viðburði, handbækur og önnur tól og tæki. *Portinu* fylgir samskiptagátt starfsfólks sem kölluð er *Spjallið* og byggir á Viva Engage. *Spjallinu* er ætlað að efla tengsl milli starfsfólks, gjarnan á óformlegan máta og nýtir starfsmannafélag Þjóðskjalasafns einnig þennan vettvang til að auglýsa viðburði og hafa forgöngu um ýmis félagsmál.

Á Þjóðskjalasafni er heilsa og velferð starfsfólks í fyrirrúmi og stuðlað er að heilbrigðu og jákvæðu starfsumhverfi með ýmsum hætti. Starfsfólki er boðið upp á góðan aðbúnað og fjölskylduvænt starfsumhverfi, með því að bjóða upp á reglulegar heilsufarsmælingar, bólusetningu gegn árlegri influensu, möguleika á sálfræðipjónustu og heilsuræktarstyrk. Þá tekur vinnustaðurinn virkan þátt í lýðheilsuverkefnum á borð við *Lífshlaupið* og *Hjólað í vinnuna* og á árinu 2024 lenti vinnustaðurinn í 2. sæti í sínum flokki í keppninni um hlutfall daga í *Hjólað í vinnuna*.



Jafnrétti

Þjóðskjalasafn hefur markað sér stefnu í jafnréttismálum sem byggir á jöfnum tækifærum, umburðarlyndi, sveigjanleika og samhæfingu starfs- og einkalífs. Jafnlaunastefna Þjóðskjalasafns kveður á um að starfsfólk njóti jafnra launa og sömu kjara fyrir sömu eða jafn verðmæt störf. Jafnlaunakerfi Þjóðskjalasafns er

reglulega tekið út af vottunaraðila en safnið fékk fyrst jafnlaunavottun árið 2019.

Á árinu 2024 fóru fram tvær úttektir. Í október 2024 mældist kynbundinn launamunur 0,56% þar sem laun kvenna eru hærri en karla. Ári áður, 2023 mældist kynbundinn launamunur 0,4% körlum í hag. Báðar mælingar eru vel innan við markmið Þjóðskjalasafns, sem er 2,5%. Seinni úttektin árið 2024 var jafnframt svokölluð heildarúttekt jafnlaunakerfis, sem fer fram á fjögurra ára fresti. Með heildarúttektinni hefur Þjóðskjalasafn fengið endurnýjun á jafnlaunavottun fyrir árin 2025-2028.

Jafnréttisnefnd með fulltrúum starfsfólks starfar samkvæmt jafnréttisáætlun Þjóðskjalasafns. Á árinu 2024 stóð nefndin fyrir kynningum og fræðslu um jafnréttismál, að þessu sinni um fordóma og inngildingu, auk árlegrar kynningar á stöðu jafnréttismála hjá stofnuninni.



Rekstrar- og efnahagsreikningur

Árið 2024 voru fjárheimildir Þjóðskjalasafns alls 949,1 m.kr. en árið 2023 voru þær 923,7 m.kr.

Samkvæmt ársreikningi 2024 var afkoma ársins -141,3 m.kr. en í raun er hallinn 80 m.kr. minni eða - 61,3 m.kr. Ástæða þess er að um var að ræða tvíleiðréttingu á þessari fjárhæð, 80 m.kr., sem færð var sem fjármagnstilfærsla í stað fjárfestingarframlags árið 2023 og var leiðrétt í árslok 2023. Fyrir mistök var fjárhæðin aftur færð sem leiðrétting árið 2024 og myndar þessa skekkju í ársreikningi 2024. Verður þetta leiðrétt árið 2025.

Rekstrarafgangur ársins 2023 var um 78 m.kr.


Rekstrargjöld ársins 2024 námu um 1.090 m.kr. Stærsti útgjaldaliðurinn er launa- og starfsmannakostnaður um 559 m.kr. Launakostnaður hækkaði um 61 m.kr. eða um 13% milli ára en ársverkum fjölgaði á árinu, voru 38,9 árið 2024 en 37,6 árið 2023.

Húsnæðiskostnaður hækkaði um 86 m.kr. eða um 31% milli ára. Hann var 361 m. kr. árið 2024 en um 275 m. kr. árið 2023. Árið 2024 tók safnið á leigu nýtt húsnæði til skráningar og varðveislu að Sundaborg 13.

Laun, húsnæði og aðkeypt þjónusta nema um 91% af heildarrekstrarkostnaði.

Sértekjur ársins voru alls um 126 m.kr.

Sérfræðiþjónustuverkefni skiluðu alls um 64 m.kr. og eru verkefni fyrir óbyggð- anefnd þar stærst eða um 52 m. kr. en útseld vinna við frágang skjalasafna var um 12 m. kr. Styrkir frá innlendum og erlendum aðilum vegna ýmissa verkefna námu um 40 m. kr. Ýmsar leigutekjur og varðveisla skjalasafna námu um 20 m.kr.



Framlag ríkissjóðs var alls um 822 m. kr., þar meðtalið kr. 31,5 m.kr. framlag ríkissjóðs til héraðsskjalasafna sem Þjóðskjalasafn hefur milligöngu um og fjárfestingar/framlag til afskrifta alls um 24,2 m.kr.

Húsnæðismál

Þjóðskjalasafn Íslands er með aðalstarfsstöð sína og skjalageymslur að Lauga-vegi 162. Auk þess er stofnunin með skjalageymslur að Höfðabakka 7 í Reykjavík og húsnæði að Sundaborg 13 þar sem bæði eru skjalageymslur og stoðrymi og vinnurými.

Húsnæði Þjóðskjalasafns í árslok 2024 var alls um 10.000 m². Áfram var unnið að þarfagreiningu í frummatsskýrslu um framtíðarhúsnæði fyrir Þjóðskjalasafn sem unnin er af FSRE fyrir hönd fjármála- og efnahagsráðuneytis.

Tegund	Lokafærslur 2024	Lokafærslur 2023	Frávik	%
Sértekjur	-126.123.671	-86.484.381	39.639.290	-45,8%
Laun	554.386.386	493.204.208	61.182.178	12,4%
Ferðir og fundir	11.594.724	13.143.630	1.548.906	11,8%
Rekstrarvörur	28.536.730	22.458.490	-6.078.240	-27,1%
Aðkeypt þjónusta	80.206.123	92.474.470	12.268.347	13,3%
Húsaleiga og aðk. ræsting	360.961.554	275.269.672	-85.691.882	-31,1%
Bifreiðar og vélar	71.189	136.461	65.272	47,8%
Rekstrarkostnaður	53.619.305	53.453.582	-165.723	-0,3%
Framlag ríkissjóðs	-821.998.256	-941.633.484	-119.635.228	12,7%

Rekstraryfirlit samanburður ár 2024/2023

Grænt Þjóðskjalasafn

Þjóðskjalasafn Íslands hefur sett sér það markmið að vera til fyrirmyndar í umhverfis- og loftlagsmálum og halda neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi stofnunarinnar í lágmarki.

Þjóðskjalasafn starfar samkvæmt grænum skrefum í ríkisrekstri en markmið þeirra er meðal annars að innleiða áherslur ríkisins í umhverfismálum sem þegar hafa verið samþykktar og að gera aðgerðir stofnana í umhverfismálum sýnilegar. Þjóðskjalasafn tók sitt fimmta græna skref í janúar 2021 og hefur því tekið öll skrefin. Í samræmi við græn skref og innkaupastefnu ríkisins leggur Þjóðskjalasafn áherslu á hagkvæm og vistvæn innkaup. Markvisst er unnið að því að gera Þjóðskjalasafn að umhverfisvænum vinnustað. Starfsfólki er boðið upp á samgöngusamninga og góða aðstöðu fyrir hjólandi, en Þjóðskjalasafn hefur hlotið gullvottun fyrir að vera hjólavænn vinnustaður.

Umhverfis- og loftlagsstefna Þjóðskjalasafns Íslands tekur til umhverfisáhrifa af rekstri og varðar allt starfsfólk stofnunarinnar. Stefnan tekur til umhverfisþátta sem unnt er að fylgjast með og mæla hverju sinni.

Þjóðskjalasafn Íslands tengir starfsemi sína við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun sem voru samþykkt árið 2015. Umhverfis- og loftlagsstefnan tekur mið af heimsmarkmiðunum, með sérstakri áherslu á markmið 8 (nýting auðlinda til neyslu og framleiðslu bætt), 11 (vistvænar samgöngur, loftgæði og úrgangur), 12 (vistvæn innkaup), 13 (stefnumótun í loftslagsmálum) og 17 (samstarfsverkefni milli opinberra aðila og einkaaðila).



3. Notendur þjónustu Þjóðskjalasafns

Notendur þjónustu Þjóðskjalasafns Íslands er fjölbreyttur hópur einstaklinga, afhendingarskyldra aðila og annarra lögaðila sem leita til Þjóðskjalasafns eftir fræðslu um skjalavörslu og skjalastjórn, upplýsingum úr safnkosti eða vilja fræðast um safnið og þjónustu þess. Notendur sækja þjónustu safnsins með ýmsum hætti, svo sem með heimsóknnum á safnið, á lestrarsal til að skoða skjöl eða í skólaheimsóknnum, með því að sækja upplýsingar á vefi safnsins, til dæmis á heimildir.is eða í veflæga skjalaskrá, sækja námskeið um skjalavörslu og skjalastjórn eða með því að senda inn fyrirspurnir um safnkostinn eða hvernig eigi að standa að skjalahaldi opinberra aðila.

Árið 2024 voru notendur þjónustu Þjóðskjalasafns tæplega 55 þúsund, þar af voru langflestir sem nýttu sér þjónustu safnsins á vef eða um 50 þúsund. Tæplega 1.400 sóttu lestrarsal safnsins eða komu í kynningarheimsóknir og tæplega 1.900 aðilar sendu inn skriflegar fyrirspurnir.

54.945

NOTENDUR
ÞJÓNUSTU


	Fjöldi notenda
Notendur á vefjum	50.359
Notendur á lestrarsal	1.078
Þátttakendur á námskeiðum	1.240
Þátttakendur á ráðstefnum	232
Gestir í kynningarheimsóknnum	158
Fjöldi fyrirspurnaraðila	1.878
	54.945

4. Skjalavarsla og skjalastjórn

Þjóðskjalasafn Íslands er framkvæmdaaðili opinberrar skjalavörslu og skjalastjórnar og gegnir hlutverki opinbers skjalasafns. Sem slíkt setur safnið reglur um skjalahald afhendingarskyldra aðila, samþykkir notkun á málalyklum og skjalavistunaráætlunum, veitir ráðgjöf um skjalamál, veitir heimild til eyðingar skjala og hefur eftirlit með framkvæmd laga um opinber skjalasöfn og reglna sem settar eru á grundvelli laganna. Þá tekur safnið við skjölum afhendingarskyldra aðila ríkisins og sveitarfélaga sem ekki eru aðilar að héraðsskjalasafni. Pappírsskjöl á að afhenda þegar þau eru orðin 30 ára gömul en rafræn gögn að jafnaði eftir fimm ár. Þjóðskjalasafn tekur jafnframt við einkaskjalasöfnum frá einstaklingum, félagasamtökum og fyrirtækjum.

Afhendingar pappírsskjala


Árið 2024 tók Þjóðskjalasafn við 673 hillumetrum af pappírsskjölum í 176 afhendingum. Heildarsafnkostur pappírsskjala í Þjóðskjalasafni í lok árs 2024 var 49.331 hillumetrar. Í lok árs voru afhendingar á 45 pappírsskjalasöfnum afhendingarskyldra aðila í ferli.



Afhendingar rafrænna gagna

Alls voru afhent 1.028 Gb af rafrænum gögnum í átta afhendingum á árinu 2024. Heildarsafnkostur rafrænna gagna í Þjóðskjalasafni í lok árs 2024 var um 5.803 Gb. Í lok árs voru 317 vörsluútgáfur á áætlun sem afhendingarskyldir aðilar vinna að því að afhenda.

Á árinu var innleitt nýtt fyrirkomulag vegna áminninga á afhendingum á vörsluútgáfum samkvæmt afhendingaráætlun. Fyrirkomulagið er þannig að afhendingarskyldur aðili sem á að afhenda vörsluútgáfu samkvæmt afhendingaráætlun fær senda áminningu um skilin frá Þjóðskjalasafni, fyrst þegar tvö ár eru í skil, síðan þegar eitt ár er í skil og að lokum hálfu ári fyrir skil. Í þeirri áminningu er boðað til afhendingarfundar sem markar upphaf skilaferilsins. Áminningarferlið skilaði strax árangri og fóru 26 afhendingarfundir fram á síðasta ári.




Grisjunarbeiðnir


Afhendingarskyldir aðilar mega skv. 24. gr. laga um opinber skjalasöfn ekki eyða neinu skjali í skjalasöfnum sínum nema með heimild þjóðskjalavarðar, á grundvelli reglna sem settar eru á grundvelli laganna eða samkvæmt sérstöku lagaákvæði. Til þess að fá heimild þjóðskjalavarðar fyrir eyðingu skjala þarf að sækja um hana með innsendingu grisjunarbeiðnar. Grisjunarbeiðnir eru afgreiddar af þjóðskjalaverði á afgreiðslufundum sem haldnir eru að jafnaði tvisvar í mánuði. Við úrvinnslu á beiðnum leggja sérfræðingar safnsins mat á beiðnirnar og veita leiðbeinandi álit. Á árinu 2024 bárust þjóðskjalasafni 97 beiðnir um grisjun skjala og voru 82 beiðnir afgreiddar fyrir lok árs. Á árinu 2024 var eyðing heimiluð í 65 tilvikum en hafnað í 11 tilvikum.

Málalyklar og skjalavistunaráætlanir

Afhendingarskyldir aðilar eiga að nota málalykla til að halda skipulagi á málafni sínu ásamt skjalavistunaráætlunum til að hafa yfirlit yfir skjalasafnið og allar ákvarðanir sem teknar hafa verið um það. Þjóðskjalasafn samþykkir notkun á málalyklum og skjalavistunaráætlunum samkvæmt reglum þar um. Árið 2024 voru samþykktir alls 45 málalyklar og 23 skjalavistunaráætlanir.




Afgreiðsla grisjunarbeiðna árið 2024



Fjöldi samþykktra málalykla afhendingarskyldra aðila 2015-2024

Tilkynning rafrænna gagnasafna

Undanfari afhendinga á rafrænum gögnum er að afhendingarskyldir aðilar tilkynni rafræn gagnasöfn sem þeir nota. Þjóðskjalasafn úrskurðar svo um varðveislu þeirra og hvenær afhenda skuli vörsluútgáfu gagna úr þeim. Á árinu 2024 bárust alls 68 tilkynningar um rafræn gagnasöfn en á móti úrskurðaði safnið um varðveislu 48 þeirra.



Ráðgjöf og fræðsla til afhendingarskyldra aðila

Stór þáttur í starfi Þjóðskjalasafns er ráðgjöf og fræðsla um skjalavörslu og skjalastjórn til afhendingarskyldra aðila. Vefur safnsins gegnir lykilhlutverki í því verkefni. Breytingar urðu í þeim efnum á árinu þegar upplýsingar og fræðsluefni um skjalavörslu og skjalastjórn voru færðar af sérstökum ráðgjafavef og komið fyrir á nýrri heimasíðu safnsins innan Ísland.is.

Skriflegar fyrirspurnir um skjalavörslu og skjalastjórn sem skjalaverðir safnsins svöruðu á árinu 2024 voru samtals 469 en voru á síðasta ári 448. Eins og fyrri ár voru langflestar fyrirspurnirnar um rafræna skjalavörslu.

Þjóðskjalasafn bauð á árinu upp á námskeið fyrir afhendingarskylda aðila um helstu þætti í skjalavörslu og skjalastjórn. Öll námskeiðin voru kennd í gegnum vefinn og voru námskeiðin gjaldfrjál. Aðsóknin að námskeiðunum var mjög góð en alls voru skráðir 1.240 þátttakendur á þau 14 námskeið sem haldin voru á árinu 2024, og hafa þátttakendur aldrei verið fleiri.

Námskeið

16. janúar - Sameining afhendingarskyldra aðila og tilfærsla verkefna: nokkur góð ráð (70 skráðir)

6. febrúar – Afhendingar úr rafrænum gagnasöfnum (122 skráðir)

13. febrúar – Nokkur góð ráð við undirbúning vörsluútgáfu (70 skráðir)

27. febrúar – Innra eftirlit með rafrænum gagnasöfnum (140 skráðir)

15. október – Inngangur að skjalavörslu og skjalastjórn hins opinbera (57 skráðir)

22. október – Málaflokkur, málalykill og málaskrá: Umsjón með skjalaflokknum og skráning (49 skráðir)

29. október – Frágangur, skráning og afhending pappírsskjala (64 skráðir)

12. nóvember – við þurfum að sjá allt skjalasafnið. Gerð skjalavistunaráætlunar (77 skráðir)

19. nóvember – Þarf að bæta skjalavörslu og skjalastjórn? Átak í skjalavörslu (68 skráðir)

26. nóvember – Tilkynningar á rafrænum gagnasöfnum (68 skráðir)

Skjalafréttir, rafrænt fréttabréf Þjóðskjalasafns um skjalavörslu og skjalastjórn, hefur komið út frá árinu 2014. Áskrifendur undir lok ársins voru 589 en á árinu 2024 komu út 18 tölublöð.

Ráðgjafaferðir á landsbyggðina

Sérstakt átak var gert á árinu í því að auka viðveru og ráðgjöf Þjóðskjalasafns um skjalavörslu og skjalastjórn meðal afhendingarskyldra aðila á landsbyggðinni. Skipulagðar voru tvær ferðir, annars vegar á Snæfellsnes dagana 24. – 26. júní og hins vegar á Austurland dagana 23. – 25. september. Viðtökur voru góðar og voru alls 12 afhendingarskyldir aðilar heimsóttir í ferðunum tveimur, bæði ríkisstofnanir og sveitarfélög sem eru afhendingarskyld til Þjóðskjalasafns. Ætlunin er að sækja aðra landshluta heim á næstu misserum.

Námskeið hjá Starfsmennt

Þjóðskjalasafn hefur verið í samstarfi við Starfsmennt frá árinu 2021 um kennslu á námskeiðum sem þar eru haldin um skjalavörslu og skjalastjórn og hélt það samstarf áfram árið 2024. Námskeiðin hafa verið hluti af svokölluðum launaskóla og er námsleið fyrir launafulltrúa og þá sem koma að kjara- og starfsmannamálum hjá ríki og sveitarfélögum. Námskeið sem skjalaverðir Þjóðskjalasafns kenndu hjá Starfsmennt voru um meðferð skjala og skjalavistun og um grisjun skjala.

1.240

ÞÁTTAKENDUR Á NÁMSKEIÐUM

Samstarf við Rigsarkivet

Þjóðskjalasafn hefur í áraraðir notið ráðgjafar danska ríkisskjalasafnsins Rigsarkivet í langtímavarðveislu rafrænna gagna á grundvelli samkomulags sem undirritað var milli stofnananna 2005. Rigsarkivet hefur einnig veitt ráðgjöf og miðlað af reyslu á öðrum sviðum skjalavörslu og skjalastjórnar eins og við hefur átt. Á síðasta ári fór fageiningin Gagnaskil og eftirlit í fræðsluferð í höfuðstöðvar Rigsarkivet í Kaupmannahöfn og átti virkt samtal við sérfræðinga safnsins um ýmsa þætti langtímavarðveislu rafrænna gagna. Einnig var framkvæmd eftirlits og viðtaka pappírsskjala rædd. Ferðin var liður í starfsþróunaráætlun Þjóðskjalasafns.

Eftirlitskönnun

Þjóðskjalasafn Íslands framkvæmdi eftirlitskönnun á skjalavörslu og skjalastjórn ríkisins á árinu. Skýrsla með niðurstöðunum var gefin út og kynnt á fundi sem um 90 manns sóttu, bæði í húsakynnum safnsins að Laugavegi 162 og í gegnum streymi á vefnum.

Helstu niðurstöður eftirlitskönnunarinnar eru að skjalavarsla og skjalastjórn ríkisins fer áfram batnandi. Skilningur afhendingarskyldra aðila á þeim lagalegu kröfum sem gerðar eru til skjalavörslu og skjalastjórnar hins opinbera hefur aukist mikið á undanförunum árum sem skilar sér í betri stöðu í skjalahaldi.

Um 80% stofnana, embætta og fyrirtækja ríkisins mældust á efstu stigum þroskamóðels skjalavörslu og skjalastjórnar sem er mælitæki um hvernig aðilar uppfylla lög, reglur og kröfur um skjalavörslu og skjalastjórn. Í fyrsta skipti mældust afhendingarskyldir aðilar á þroskastigi 4 sem er skilgreint sem fyrir-myndarskjalavarsla og skjalastjórn.

Aðrar niðurstöður eftirlitskönnunarinnar voru meðal annars að stofnanir, embætti og fyrirtæki ríkisins nota um 1.900 rafræn gagnasöfn í sínum störfum en notkun rafrænna gagnasafna hefur aukist í takt við aukna áherslu um stafræna þjónustu hins opinbera. Samhliða aukinni notkun rafrænna gagnasafna hefur skjalamyndun og varðveisla á pappírsskjölum minnkað. Nú er um 61.100 hillumetrar af pappírsskjölum í vörslu afhendingarskyldra aðila ríkisins en þeir voru 106.000 árið 2021, því hefur umfangið minnkað um 42%.

Ástæðu þessa má einkum rekja til aukinnar áherslu á notkun rafrænna gagnasafna og rafrænnar vörslu, grísjun pappírsskjala samkvæmt reglum og aukin viðtaka pappírsskjala á Þjóðskjalasafn til langtímavarðveislu. Eðlileg þróun er að pappírsvarsla fari minnkandi en rafræn skjalavarsla aukist að sama skapi þar til öll varsla skjala ríkisins verður nánast eingöngu á rafrænu formi. Reiknað er með að á næstu 30 árum muni Þjóðskjalasafn taka við þeim pappír sem þegar hefur orðið til hjá ríkinu og við það mun pappírssafnkostur safnsins stækka um 85-100% á sama tíma.

Einkaskjalasöfn

Söfnun og varðveisla einkaskjalasafna er ríkur þáttur í starfsemi Þjóðskjalasafns. Árið 2024 bárust til varðveislu 114 einkaskjalasöfn sem samanstanda af ríflega 152 hillumetrum. Meðal þeirra má nefna gögn Meistarafélags húsasmiða, Arkitektafélags Íslands, Katrínar Jakobsdóttur, fyrrum forsætisráðherra, Ættfræðifélagsins og STEFs, sambands tónskálda og eigenda flutningsréttar. Þá er vert að nefna handrit af lögbókinni *Juridiske Collegium* sem gefin var út árið 1763. Handritið er ódagsett en það var afhent til varðveislu síðla árs 2024. Afhendingaraðili hafði fengið þær upplýsingar að handritið hafi upphaflega verið í eigu Magnúsar Ketilssonar sýslumanns (1732–1803).

Forvarsla

Haldið var áfram með viðgerðir á skjölum úr Biskupsskjalasafni C.V. Bréf til biskups. Alls var gert við skjöl úr 17 öskjum (mygluhreinsun og viðgerðir). Er styrkjandi forvörslu á þessu safni nú lokið.

Hafist var handa að ástandsskoða flokka kirknasafna sem hafa ekki verið áður yfirfarnir. Þetta eru flokkar AA, AD, BB, CC, DD og F. Af 141 bókum sem voru ástandsskoðaðar á árinu voru 45 í slæmu ástandi og þörfuðust styrkjandi forvörslu.

Einnig var hafist handa við að ástandsskoða og skrá að hluta til safn Landlæknis. Þeirri vinnu er ekki lokið.

Haldið var áfram með að setja kirkjubækur í nýjar umbúðir og er það verkefni langt komið.

Eitt af reglubundnum verkefnum forvörlunnar er að taka við viðgerðarbeiðnum frá Lestrarsal og var tekið við nokkrum slíkum verkefnum á árinu. Einnig er reglulega tekið við beiðnum um sérsniðnar umbúðir fyrir einstök verkefni.

Annað reglubundið verkefni forvörslu er að sinna eftirliti í geymslum, til dæmis skordýravöktun og umhverfismælingum (hita- og rakastigi).

Starfsmenn forvörslu voru tveir á árinu.

Ástand	Fjöldi bóka	% af fjölda	Fjöldi í styrkjandi forvörslu
Mjög gott	75	53%	
Sæmilegt	21	15%	
Mjög slæmt (t.d illa rífið, fúi eða mygla)	45	32%	45
Alls yfirfarið	141		45

Ástandsskoðun og styrkjandi forvarsla á kirkjubókum 2024

Ástand	Öskjur	Styrkjandi forvarsla
Mjög slæmt (t.d illa rífið, fúi eða mygla)	17	17 öskjur

Ástandsskoðun og styrkjandi forvarsla á Biskupsskjalasafni

Ástand	Öskjur	% af fjölda
Mjög gott	15	43%
Sæmilegt	6	17%
Mjög slæmt (t.d illa rífið, fúi eða mygla)	14	40%
Alls yfirfarið	35	

Ástandsskoðun á safni Landlæknis



Skráning skjalasafna

Á árinu 2024 voru fullskráðir rúmir 870 hillumetrar (hm) frá 18 skjalamyndurum í skráningaraðstöðu ÞÍ og gengið frá þeim í skjalageymslu sama staðar. Um er að ræða skjöl frá stofnunum, fyrirtækjum, félagasamtökum og einstaklingum.

Frágengin skjalasöfn sem flutt voru úr fjargeymslu til uppröðunar í skjalageymslu skráningaraðstöðu voru samtals 64, eða rétt rúmlega 764 hm. Þar til viðbótar voru flutt 8 skjalasöfn úr fjargeymslu til uppröðunar og álímingar á sama stað (ásamt einu afhentu sem þarfnaðist álímingar við), sem námu rúmlega 150 hm. Samtals voru því flutt 73 frágengin skjalasöfn úr fjargeymslu til uppröðunar, eða alls rúmlega 914 hm.

Afhent frágengin skjalasöfn til uppröðunar voru 28 talsins og rétt rúmlega 304 hm.


Af Laugavegi 162 var eitt skjalasafn flutt til uppröðunar (38,72 hm) og tvö til skráningar og uppröðunar (10 hm).

Þrjú frágengin söfn voru flutt úr fjargeymslu niður á Laugaveg 162 til uppröðunar (5,70 hm) og eitt til skráningar (12 hm). Tekið var á móti 285 hm í fjargeymslu ÞÍ á árinu.

Rétt rúmlega 980 hm voru fluttir úr fjargeymslu í skráningaraðstöðu ÞÍ til skráningar á árinu 2024. Þar að auki voru afhent átta skjalasöfn til skráningar á sama stað (55 hm).

Samtals voru því fullskráð og uppröðuð skjalasöfn í skjalageymslu skráningaraðstöðu í árslok 2024 rúmlega 2128 hm, en óskráð voru um 165 hm.

Grisjun og hreinsun á árinu 2024 var óveruleg, miðað við fyrri ár. Helgast það fyrst og fremst af verkefnaáherslum ársins. Heildargrisjun ársins var 23 hm, allt fylgiskjöl bókhalds. Hreinsun ársins úr skjalasöfnun á prenti og ljósritum var 48 hm. Grisjun og hreinsun á árinu var því samtals 71 hm.



5. Aðgengi og þjónusta

Skjalaskrá og Einkaskjalasafn.is

Í skjalaskrá Þjóðskjalasafns, sem er aðgengileg öllum á vef safnsins, er að finna upplýsingar um safnkostinn. Enn er einungis hluti safnkostsins skráður í rafrænu skjalaskrána og er stöðugt unnið að því að koma inn eldri skrá, en allar nýjar skrár eru þar aðgengilegar. Færslur í innri skjalaskrá safnsins voru 1.756.383 undir lok árs 2024. Í ytri skjalaskrá safnsins eru birtar skjalaskrár fyrir almenning sem hafa verið yfirlesnar með tilliti til persónuverndarsjónarmiða og var fjöldi færslna í henni 1.522.444 í lok árs. Færslum í skjalaskrá safnsins fjölgaði um 13% á árinu.


Þjóðskjalasafn rekur vefinn Einkaskjalasafn.is – samskrá yfir einkaskjalasöfn, en vefurinn er samstarfsverkefni Þjóðskjalasafns, héraðsskjalasafna og Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns. Á vefnum birtir 21 vörslustofnun upplýsingar um einkaskjalasöfn í vörslu þeirra.

Útlán og notkun skjala

Árið 2024 voru 4.215 skjalaöskjur pantaðar úr geymslum safnsins til notkunar á lestrarsal, til innanhússnota eða vegna láns til skjalamyndara. Er það fjölgun um 4% frá fyrra ári þegar pantaðar voru 4.067 öskjur. Útlánun hefur þó almennt farið fækkandi undanfarin ár en sem dæmi voru árið 2019 pantaðar 5.915 öskjur. Þessi fækkun útlána helst í hendur við aukna stafræna endurgerð og notkun gesta á skjölum sem birt eru á vef safnsins.


Fyrirspurnir vegna safnkosts

Skjalaverðir Þjóðskjalasafns svara fjölbreyttum fyrirspurnum frá viðskiptavinum sem leita upplýsinga í safnkostinum. Fyrirspurnir geta verið mismunandi að umfangi, allt frá einfaldri uppfléttingu í gögnum til umfangsmeiri og flóknari vinnu. Skriflegar fyrirspurnir árið 2024 vegna safnkosts voru 1.878 talsins en 1.641 árið 2023.



Öskjur í útlán 2019-2024

Skriflegar fyrirspurnir í safnkost 2024



Heimsóknir á lestrarsal

Á lestrarsal Þjóðskjalasafns eru afgreiddar skjalaöskjur sem gestir safnsins hafa óskað eftir að fá að skoða. Alls sóttu 1.078 lestrarsalinn árið 2024 en árið áður voru þeir 1.483 og er því fækkun frá fyrra ári. Frá árinu 2017 hefur gestum

fækkað sem má rekja til þess að meira af eftirsóttum skjölum hafa verið skönnuð og birt á vef Þjóðskjalasafns. Auk þess hefur notkun skjala á lestrarsal breyst þar sem gestir nýta sér nú tæknina í auknum mæli. Þeir taka myndir af skjölum á lestrarsal sem þeir skoða svo betur annars staðar og koma því sjaldnar í salinn.

6. Sýningar, viðburðir og rannsóknir

Vorráðstefna Þjóðskjalasafns

Vorráðstefna Þjóðskjalasafns Íslands var haldin í sjötta skipti þann 15. maí 2024. Ráðstefnan er helguð viðfangsefnum í skjalavörslu og skjalastjórn hins opinbera og var yfirskrift hennar að þessu sinni „Upplýsingaöryggi í skjalavörslu og skjalastjórn – er eitthvað að varast?“ Líkt og fyrri ár var ráðstefnan mjög vel sótt en alls tóku 162 þátt. Flutt voru fjögur erindi sem fjalla um ráðstafanir um vernd skjala og gagnasafna og hvað ber að varast og gæta að í þeim efnum.

Erindi fluttu Theodór R. Gíslason frá Syndis og Defend Iceland, Þórður Sveinsson hjá Persónuvernd, Árni Jóhannsson hjá Þjóðskjalasafni Íslands og Bjarki Sigurvarðsson frá netöryggissveitinni CERT-IS.

Hrefna Róbertsdóttir þjóðskjalavörður ávarpaði einnig ráðstefnuna og sagði frá stafrænni vegferð Þjóðskjalasafns á síðustu árum sem hefur miðað að því að tryggja vörslu og aðgengi rafrænna gagna með sem bestum og skilvirkustum hætti. Ný stefna var sett 2022 sem tekur mið af þessum áherslum.

„Stafræn umbreyting hefur það að markmiði að tryggja varðveislu og aðgengi að rafrænum gögnum stjórnsýslunnar og skjölum er varða sögu samfélagsins, sem og að bjóða notendum stafræna þjónustu. Innleiðing á nýju skjalaskrárkerfi fyrir Þjóðskjalasafn er hluti af þessari vinnu og er stefnt að því að það verði komið í fulla notkun nú um áramótin.“

Ráðstefnan var tekin upp og birt á vef safnsins á haustdögum.



Frá vorráðstefnu Þjóðskjalasafns Íslands 2024

Rannsóknadagur Þjóðskjalasafns

Húsfyllir var á Rannsóknadegi Þjóðskjalasafns þann 14. nóvember þegar gagnagrunnar í sögulegum rannsóknum og miðlun voru ræddir. Rúmlega 70 gestir sóttu ráðstefnuna og pallborðsumræður sem voru að loknum erindum framsögu-fólks.

Fyrirlesarar kynntu sögulega gagnagrunna, ræddu gagnsemi þeirra og kosti, framsetningu, miðlun og birtingu fyrir almenning, hverjar helstu áskoranirnar

eru í þróun gagnagrunna og hver framtíðarsýnin gæti verið í hinum fullkomna heimi.

Í Þjóðskjalasafni hefur um árabil verið unnið að þróun og gerð gagnagrunna með það að markmiði að miðla tilteknu efni til almennings og fræðafólks og um leið stuðla að nýjum rannsóknum. Mörg þessara verkefna hafa verið unnin í nánu samstarfi við aðrar stofnanir. Aðgengi að þessum gögnum hefur ekki aðeins stóraukist með efnisskráningu í gagnagrunna heldur hefur stafræn endurgerð gert fólki kleift að vinna ítarlega með frumgögnin, óháð staðsetningu.

Ráðstefnuna opnaði Ólafur Arnar Sveinsson sviðsstjóri fræðslu og miðlunar og fyrirlesarar voru Guðfinna Hreiðarsdóttir forstöðumaður Héraðsskjalasafnsins á Ísafirði, Harpa Rún Ásmundsdóttir verkefnastjóri hjá Rannsóknasetri Háskóla Íslands á Norðurlandi vestra, Sigríður Hjördís Jörundsdóttir skjalavörður á Þjóðskjalasafni, Þórunn Marel Þorsteinsdóttir skjalavörður á Þjóðskjalasafni, Pétur Húni Björnsson sérfræðingur í stafrænum hugvísindum og Unnar Ingvarsson fagstjóri stafrænnar endurgerðar á Þjóðskjalasafni Íslands.

Þjóðlendurannsóknir

Gagnaöflun vegna þjóðlendurannsókna um svæði 11, Austfirði, lauk um mitt ár. Um var að ræða síðasta svæðið á meginlandi Íslands sem tekið var til meðferðar hjá óbyggðanefnd, en nefndin kvað upp úrskurð um þjóðlendukröfur þar í nóvembermánuði. Alls var aflað gagna um 193 jarðir og svæði á Austfjörðum en sérfræðingar í Þjóðskjalasafni tóku saman uppskriftir og upplýsingar yfir ríflega 2.100 skjöl.

Jafnframt hófst gagnaöflun á fyrri hluta árs um svæði 12, sem nær til eyja og skerja umhverfis landið. Upphaflegar þjóðlendukröfur bárust í febrúar en voru síðar leiðréttar og að hluta til endurskoðaðar. Í árslok náði gagnaöflunin til 552

jarða eða svæða en þar sem frestur landeigenda til að lýsa gagnkröfum var ekki útrunninn voru líkur á að sú tala myndi hækka.



Frá Rannsóknadegi Þjóðskjalasafns Íslands 2024

Fjórða bindi skjala Yfirréttarins

Útgáfu fjórða bindis dóma og skjala Yfirréttarins á Íslandi var fagnað á Lagadaginn 2024, föstudaginn 27. september á Hilton Reykjavík Nordica. Lagadagurinn er haldinn af Lögmannafélagi Íslands, Lögfræðingafélagi Íslands og Dómarafélagi Íslands.

Yfirrétturinn á Íslandi var æðsta dómstig innanlands á tímabilinu 1563–1800. Í þessu fjórða bindi útgáfu dóma og skjala Yfirréttarins birtast dómar árunna 1733–1741 en ritröðin er gefin út af Þjóðskjalasafni Íslands og Sögufélagi.

Í fyrsta skipti var efnt til réttarsögumálstofu í samstarfi við Sögufélag sem helguð var Yfirréttinum á Íslandi. Málstofan ber heitið „Handalögmál, móðganir og varðhald á heimili héraðsdómara - Yfirrétturinn á 18. öld“. Málstofustjóri var Viðar Pálsson dósent í sagnfræði við Háskóla Íslands og framsögur fluttu Þorsteinn Magnússon dómari við Héraðsdóm í Reykjavík og Ragnhildur Hólmgeirsdóttir sagnfræðingur, skjalavörður við Þjóðskjalasafn Íslands og einn ritstjóra *Yfirréttarins á Íslandi*.

Útgáfan er styrkt af Alþingi og unnin í samstarfi við Sögufélag. Ritstjórar eru Gísli Baldur Róbertsson, Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir og Ragnhildur Hólmgeirsdóttir.



Safnanótt

Þjóðskjalasafn Íslands tók þátt í Safnanótt í Reykjavík og var hún haldin 2. febrúar 2024 í gulri veðurviðvörun og bar þess nokkur merki.

„Stjórnarskráin í fortíð, nútíð og framtíð“ var þema safnanætur í Þjóðskjalasafni. Boðið var upp á fjölbreytta dagskrá sem helguð var stjórnarskránni og sögu hennar. Sett voru upp borð frá Þjóðfundinum 2010, sýnd gögn sem tengjast stjórnarskránni og flutt fjölbreytt erindi um efnið.



Ólafur Þ. Harðarson prófessor emerítus í stjórnmálafræði var fyrstur á mælenda-skrá og spurði hvort stjórnarskrár skipti einhverju máli. Sævar Finnbogason heimspekingur velti fyrir sér hvernig ætti að bera sig að því að breyta stjórnar-skránni og hver ætti að gera það. Njörður Sigurðsson aðstoðarþjóðskjalavörður rakti skrautlega varðveislusögu stjórnarskráa Íslands. Katrín Oddsdóttir lög-fræðingur gerði fullveldi þjóðarinnar að umtalsefni sínu með hliðsjón af stjórnarskrársögu Íslands. Auk erinda og líflegra umræðna var gestum boðin

leiðsögn um sýningu á stjórnarskrám Íslands og gögnum tengdum henni, þar á meðal skjölum og miðum frá Þjóðfundinum 2010. Mikill áhugi var á þjóðfundargögnum og stefnt er að því að gera þau aðgengileg á stafrænu formi á vef Þjóðskjalasafns.

Samstarf við Háskóla Íslands um nám í hagnýtri skjalfræði

Hagnýt skjalfræði sem 30 eininga viðbótardiplóma hefur verið kennd frá haustinu 2020 í samstarfi Þjóðskjalasafns og Háskóla Íslands. Frá árinu 2024 er námið kennt sem örnám þegar viðbótardiplómanám var aflagt við Háskólann. Helga Jóna Eiríksdóttir skjalavörður í Þjóðskjalasafni og lektor við Háskóla Íslands sér um námsleiðina og er kennslan í hennar höndum með aðstoð frá fleira starfsfólki Þjóðskjalasafns. Hluti námsleiðarinnar eru námskeið sem kennd eru innan sagnfræðinnar og innan félagsvísindadeildar. Námsleiðin er kennd við deild heimspeki-, sagnfræði- og fornleifafræði við Háskóla Íslands og er opin öllum sem lokið hafa BA, BS eða B.Ed. prófi og hentar þeim sem hafa áhuga á að vinna við skjalavörslu og skjalastjórn, hvort sem er hjá opinberri stofnun, opinberu skjalasafni eða fyrirtæki. Á árinu 2024 sóttu 17 nemendur um námsleiðina og níu útskrifuðust með diplóma í hagnýtri skjalfræði.

7. Miðlun

Nýr vefur Þjóðskjalasafns

Þjóðskjalasafn Íslands rekur nokkra vefi til þess að miðla upplýsingum og safnkosti til viðskiptavina og gesta. Aðalvefur safnsins er á léninu *skjalasafn.is* en safnið rekur þó fleiri vefi sem hver gegnir sínu hlutverki í miðlun safnkostsins, meðal annars *heimildir.is*, *einkaskjalasafn.is* og *landsnefndin.is*. Notendur á vefjum safnsins árið 2024 voru ríflega 50 þúsund talsins.


Á vordögum var opnaður nýr vefur Þjóðskjalasafns Íslands á vefgátt stjórnvalda, Ísland.is. Slóðin á nýja vefinn er hin sama og áður var, *skjalasafn.is*.

Nýi vefurinn er aðalvefur stofnunarinnar með öllum almennum upplýsingum um Þjóðskjalasafn, starfsemi þess og þjónustu. Þar eru einnig allar reglur, almennar leiðbeiningar og ráðgjöf um skjalavörslu og skjalastjórn, námskeið og annað er snýr að hlutverki Þjóðskjalasafns sem stjórnsýslustofnunar með þjónustuhlutverk við almenning.

Markmið þessarar breytingar er að auka stafræna þjónustu, bæta aðgengi að upplýsingum og auka öryggi í stafrænum samskiptum. Stafræn vegferð stjórnvalda miðar að því að allar opinberar stofnanir færi þjónustu sína inn á Ísland.is.

Lögð er sérstök áhersla á að miðlun upplýsinga og fræðslu sé einföld og aðgengileg, hvort sem notuð er tölva eða sími til að vafra um vefinn. Meðal nýjunga í þjónustu eru til dæmis sérsniðin fyrirspurnarform um einstaka málaflokka, til dæmis ef leitað er sögulegra upplýsinga um námsferil, jarðeignir, faðerni eða lögreglumál.

Næsta stóra skref í þróun vefmiðlunar Þjóðskjalasafns verður að sameina alla miðlun og rannsóknir á vegum stofnunarinnar á eigin safnkosti á nýjum miðlunarvef sem tengdur verður við nýtt skráningarkerfi safnsins. Stór hluti þessa efnis er nú aðgengilegur á vefnum „Stafrænar heimildir úr Þjóðskjalasafni Íslands“ á slóðinni *heimildir.is*. Þá eru skjalaskrár safnsins einnig áfram aðgengilegar á slóðinni *skjalaskrar.skjalasafn.is*.



Stafræn endurgerð


Eitt af markmiðum Þjóðskjalasafns samkvæmt stefnu þess er að auka aðgengi að safnkosti með því að miðla honum á aðgengilegan hátt með stafrænum hætti.

Á árinu var einkum unnið að því að skanna teikningar og önnur gögn úr safni Húsameistara ríkisins og fjölda bréfabóka úr söfnum sýslumanna víðs vegar á landinu. Jafnframt var unnið að endurskráningu skjalasafna sem ætlunin er að ljósmynda á næstu árum. Stærstu söfnin sem voru undirbúin til myndatöku voru skjalasafn Ríkisútvarpsins en ætlunin er að ljósmynda fréttahandrit RÚV á næstu árum, skjalasöfn sem innihalda fasteignamöt frá árunum 1916-1942 og teikningasafn byggingarlistadeildar Listasafns Reykjavíkur.

Á árinu 2024 voru 263.162 myndir skannaðar og hafa nú verið teknar 1.084.703 myndir, oft af opnum bóka svo áætla má að heildarfjöldi þeirra síðna sem myndaðar hafa verið séu að minnsta kosti 1.500.000.

Skráning sóknarmanntala

Um langt skeið hefur verið unnið að innslætti á sóknarmanntölum, einkum á vegum starfsfólks á Ísafirði. Í lok árs höfðu verið skráðar 3.615.563 færslur í gagnagrunn og birtar 3.280.300 færslur. Á árinu var að mestu lokið skráningu bóka af Vestfjörðum og eru þær orðnar aðgengilegar. Þá eru færslur úr sóknarmanntölum úr Eyjafjarðarsýslu, Þingeyjarsýslum og Múlasýslum einnig aðgengilegar auk hluta af bókum úr Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum. Færslurnar eru birtar og leitarbærar á vefnum salnaregistur.manntal.is



Heildarfjöldi skannaðra mynda í Þjóðskjalasafni 2016-2024

Innlent og erlent samstarf

Á árinu var unnið að gerð gagnagrunns fyrir skjöl Árna Magnússonar sem varðveitt eru í fjórum söfnum: Stofnun Árna Magnússonar, Þjóðskjalasafni Íslands, Ríkisskjalasafninu í Noregi og Stofnun Árna Magnússonar í Kaupmannahöfn. Lokið var ljósmyndun á þeim skjölum sem varðveitt eru í Þjóðskjalasafni, auk skjalabóka, sem voru hluti af skjalasafni Árna Magnússonar. Þá var að mestu lokið skráningu skjalanna í gagnagrunn sem mun verða gerður aðgengilegur almenningi á næstu árum. Verkefnið felur í sér mikið samstarf milli sérfræðinga á söfnunum og mun þegar upp verður staðið auðveldi aðgang að þessum gögnum.

Samstarf um stafræn hugvísindi

Þjóðskjalasafn er aðili að Miðstöð um stafræn hugvísindi og listir. Miðstöðin hefur að markmiði að auka samstarf stærstu stofnanna á Íslandi á sviði hugvísinda og lista og í nafni hennar hefur verið sótt um styrki í Innviðasjóð til að vinna að mikilvægum verkefnum sem munu gagnast stofnununum öllum sem og fræðimönnum og áhugafólki. Á árinu var unnið að tveimur verkefnum sem tengdust Þjóðskjalasafni Íslands með beinum hætti. Annars vegar áframhaldandi þróun íslenskra móðela fyrir forritið Transkribus sem getur lesið handskrifaðan texta. Hins vegar var opnuð fyrsta útgáfa að sögulegu bæja- og manntali. Það verkefni mun gera birtingu heimilda mun auðveldari og er þegar farið að nýta verkefnið til birtingar á heimildum um jarðeignir sem varðveittar eru í safninu.

Hlaðvarp Þjóðskjalasafns – *Til skjalanna*

Hlaðvarp Þjóðskjalasafns, *Til skjalanna*, hélt áfram göngu sinni á árinu 2024 en fyrsti þáttur fór í loftið undir lok árs 2020. Á árinu voru sendir út 11 hlaðvarpsþættir þar sem fjallað er um fjölbreytt efni. Hlaðvarpið er hægt að nálgast á heimildavef Þjóðskjalasafns [Heimildir.is](https://heimildir.is) og á helstu hlaðvarpsveitum undir heitinu: *Til skjalanna*.

Hlaðvarpsþættir 2024

Dómabókagrunnur Þjóðskjalasafns

Skjalaverðirnir Jón Torfi Arason, Helga Hlín Bjarnadóttir og Yngvi Leifsson ræða saman um sögulega efnisskrá dómabóka sýslumanna, svokallaðan dómabókagrunn, sem unnið hefur verið að á Þjóðskjalasafni síðastliðin 16 ár og er nú senn að ljúka.

Skjalafréttir 10 ára

Helgi Biering ræðir við Árna Jóhannsson skjalavörð um fréttabréf Þjóðskjalasafns Íslands *Skjalafréttir*. Fyrsta tölublað Skjalafrétta kom út 14. janúar árið 2014 og því fagnar það 10 ára afmæli um þessar mundir.

Trump, varðveisla og aðgengi að opinberum skjölum.

Njörður Sigurðsson aðstoðarþjóðskjalavörður ræðir við Helgu Jónu Eiríksdóttur lektor í skjalfræði við Háskóla Íslands um rannsóknir bandarísku alríkislögreglunnar og kærur á hendur Donald Trump vegna opinberra skjala sem fundust á heimili hans. Í því samhengi ræða þau um hvaða reglur gilda um opinber gögn á Íslandi.

Út á brún og önnur mið

Helgi Biering ræðir við Hauk Aðalsteinsson rithöfund og skipasmið um bókina *Út á brún og önnur mið. Útgerðarsaga Vatnsleysustrandarhrepps til 1930*. Meðal þess sem kemur við sögu í þættinum er verbúðalíf, skipasmíðar, spítalafiskur og hvalveiðar í net.

„Þessi frægu glæpamál“

Ragnhildur Hólmgeirsdóttir ræðir við Jón Torfason og Má Jónsson um nýútkomna bók þeirra *Þessi frægu glæpamál*. Í þættinum ræða þau um ein þekktustu morðmál Íslandssögunnar en það eru morðin á Sjöundá og Illugastöðum.

Netógnir dagsins í dag

Heiðar Lind Hansson ræðir við Bjarka Þór Sigvarðsson fagstjóra ástandsvitundar hjá CERT-IS um netöryggi í leik og starfi í dag. Gagnagíslataka, tvöföld fjárkúgun, árárskeðjur og gagnaöryggi er meðal þess sem rætt er um í þættinum.

Heimsókn til Gdansk í Póllandi

Helgi Biering ræðir við Helgu Jónu Eiríksdóttur lektor í skjálfræði um námsferð starfsmanna Þjóðskjalasafns Íslands til Gdansk í Póllandi. Tilgangur ferðarinnar var heimsókn í eitt af útibúum Þjóðskjalasafns Póllands, að fræðast og kynnst þeim sem starfa við skjalavörslu.

Blái skjöldurinn

Helgi Biering ræðir við Heiðar Lind Hansson fagstjóra gagnaskila og eftirlits hjá Þjóðskjalasafni Íslands um Bláa skjöldinn. Blái skjöldurinn er alþjóðlegt tákni um vernd menningarverðmæta í vopnuðum átökum og er að ýmsu að hyggja í þeim málum í dag.

Fóðrun og hagaganga aðkomufjár í kvikfjártalinu 1703

Helgi Biering ræðir við Ragnhildi Önnu Kjartansdóttur, skjalavörð á Þjóðskjalasafni Íslands um BA-ritgerð hennar frá árinu 2020 sem ber heitið *Fóðrun og hagaganga aðkomufjár í kvikfjártalinu 1703*. Kvikfjártalið er einstök heimild um búskaparhætti og samfélagsgerð á Íslandi í byrjun 18. aldar.

Jólasiðir þá og nú

Helgi Biering ræðir við dr. Margréti Gunnarsdóttur skjalavörð um hefðir, siði og venjur Íslendinga í kringum jól og áramót. Margrét er höfundur ævisögu Ingibjargar Einarsdóttur, eiginkonu Jóns Sigurðssonar, og fræðir hlustendur til dæmis um það hvernig jólahaldi var háttað á heimili þeirra hjóna við Austurvegg í Kaupmannahöfn.

Arkir – fréttir af safnkosti

Árið 2020 hóf *Arkir*, rafrænt fréttabréf Þjóðskjalasafns, göngu sína. Í því eru fluttar fréttir af safnkosti Þjóðskjalasafns, þar með talið af nýjum og áhuga-verðum skjalasöfnum sem borist hafa til safnsins, miðlun heimilda og útgáfa á

frumheimildum. *Arkir* eru sendar rúmlega 200 áskrifendum í tölvupósti og komu út níu tölublöð á árinu 2024.

Heimild mánaðarins

Heimild mánaðarins hefur verið birt á vef safnsins frá árinu 2012 og auglýst á Facebook-síðu þess. Þar er varpað ljósi á einstakar heimildir bæði til gagns og gamans. Þetta heimildasafn stuttra greina um fjölbreytt efni sem varðveitt er í safninu hefur nú verið fært á vefinn heimildir.is og undir lok árs 2024 hafa verið birtar 156 greinar um heimild mánaðarins.



Heimild mánaðarins árið 2024		
Mánuður	Höfundur texta	Titill
Janúar	S. Andrea Ásgeirsdóttir	Um skipulag brottflutnings íbúa Vestmannaeyja. Viðbragðsáætlun sem var aldrei notuð
Febrúar	Ragnhildur Hólmgeirsdóttir	Danskar konur á Íslandi á átjándu öld
Mars	Ólafur Valdimar Ómarsson	Sparisjóður Vestur-Barðarstrandarsýslu
Apríl	Gísli Baldur Róbertsson	Hver var Karítas Jónsdóttir (1834–1882) sem skildi eftir sig lítinn miða í bréfasafni Jóns Sigurðssonar forseta?
Mái	Margrét Gunnarsdóttir	Frelsi í farvatninu? Magnús Ketilsson skrifar um Íslandsverslun á tímamótum veturinn 1783
Júní	Ragnhildur Hólmgeirsdóttir	Eitt verst nýtta háskólapróf 18. aldar
Júlí	Gísli Baldur Róbertsson	Upplýsingaöflun um eyðijarðir við gerð jarðabókar Árna og Páls 1702-1714
Ágúst	Unnar Rafn Ingvarsson	Fréttaritari ber af sér sakir
September	Ragnhildur Hólmgeirsdóttir	Dæmdur letingi smíðar sér ættarnafn: Sigmundur Throvardur Maginus
Október	Unnar Rafn Ingvarsson	Af Rósidu Jónsdóttur. Húnvetnsk nafngift á 18. öld
Nóvember	Árni Jóhannsson	Öryggi vegfarenda á þjóðveginum Keflavík – Njarðvík
Desember	Gísli Baldur Róbertsson	Magnús Thorvaldsen (1774–1842) brúarvörður við Knippilsbrú

Samfélagið á Rás 1

Þáttastjórnendur útvarpsþáttarins *Samfélagið á Rás 1* heimsóttu Þjóðskjalasafn reglulega á árinu 2024 til þess að kynnast starfsemi þess og safnkosti. Á árinu hafa þau Guðmundur Pálsson og Arnhildur Hálfðánardóttir komið 16 sinnum á safnið og rætt við starfsfólk um ólíkustu málefni. Viðtölin eru aðgengileg á vef RÚV og gefa skemmtilega innsýn í störf og verkefni á safninu.

22. janúar – Húsameistari ríkisins, teikningar og skönnun. Rætt við Helga Valdimar Viðarsson Biering í stafrænni endurgerð.

5. febrúar – Falsaðir peningaseðlar. Rætt við Sigríði Jörundsdóttur, skjalavörð.

19. febrúar – Póstsendingar með Graf Zeppelin. Rætt við Hans Hreinsson, skjalavörð.

4. mars – Oddrúnarmálið. Rætt við Helgu Hlín Bjarnadóttur, skjalavörð.

18. mars – Varðveisla og forvarsla. Rætt við Karen Sigurkarlsdóttur, fagstjóra varðveisl.

8. apríl – Viðbragðsáætlunin sem var aldrei notuð. Rætt við S. Andreu Ásgeirsdóttur, sérfræðing í rafrænni skjalavörslu.

22. apríl - Vinnukona, ómagi, stúlka og frú. Rannsókn á því hvaða konur skrifuðu undir áskorun Hins íslenska kvenfélags 1895. Rætt við Atla B. Jóhannesson, skjalavörð.

6. maí – Rafræn skjalavarsla. Rætt við Hauk Kristófer Bragason, sérfræðing í rafrænni skjalavörslu.

3. júní – Eigur vinnuhjú á 19. öld. Rætt við Kolbein Sturlu G. Heiðuson, skjalavörð.

2. september – Ljósmeðra- og fæðingabækur á Þjóðskjalasafni Íslands. Rætt við Helgu Lilju Bergmann, skjalavörð.

30. september - Skrá yfir fyrstu ökuskírteini sem gefin voru út (Upphaf bílaaldar á Íslandi) Rætt við Indriða Svavar Sigurðsson, skjalavörð.

14. október – Ástarbréf frá Holdsveikraspítalanum í Laugarnesi. Rætt við Jón Torfa Arason, skjalavörð.

28. október – Sendiherra í fjölmörgum löndum. Safn Péturs J. Thorsteinssonar. Rætt við Tómas Helga Svavarsson, skjalavörð.

11. nóvember – Safn RÚV. Rætt við Unnar Ingvarsson, fagstjóra stafrænnar endurgerðar.

25. nóvember – Morðmál Ásmundar Þórðarsonar úr Skagafirði. Rætt við Jóhönnu Þ. Guðmundsdóttur.

9. desember – Skjalasafn Þjóðleikhússins. Rætt við Báru Stefánsdóttur.

Fyrir alla muni

Frá árinu 2019 hefur Þjóðskjalasafn átt samstarf við RÚV um þáttaröðina *Fyrir alla muni*. Þar er heimur íslenskrar sögu og sagna kannaður með því að skoða muni sem tengjast sérstökum atburðum í sögu þjóðarinnar. Umsjón með þáttunum hafa Viktoría Hermannsdóttir og Sigurður Helgi Pálmason.

Þættir á árinu sem starfsfólk Þjóðskjalasafns tók þátt í:

25. febrúar – Bahia Blanca sjónaukinn. Benedikt Eypórsson, fagstjóri upplýsingaþjónustu.

3. mars – Flugslysapostulínið. Benedikt Eypórsson, fagstjóri upplýsingaþjónustu.

10. mars – Altaristaflan. Unnar Ingvarsson, fagstjóri stafrænnar endurgerðar.

17. mars – Forsetasíminn. Ólafur Arnar Sveinsson, sviðsstjóri fræðslu og rannsókna.

24. mars – Haugurinn. Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir, verkefnastjóri heimildaútgáfu.

31. mars – Broddstafurinn frá Sjöundá. Ólafur Arnar Sveinsson, sviðsstjóri fræðslu og rannsókna.



8. Samstarf opinberra skjalasafna

Tilfærsla á verkefnum tveggja héraðsskjalasafna til Þjóðskjalasafns

Á fyrri hluta ársins 2023 ákváðu tvö sveitarfélög að hætta rekstri sinna héraðsskjalasafna. Borgarstjórn Reykjavíkur ákvað þann 7. mars 2023 að færa verkefni og safnkost Borgarskjalasafns Reykjavíkur til Þjóðskjalasafns Íslands og bæjarstjórn Kópavogs ákvað þann 25. apríl 2023 að gera slíkt hið sama. Samkvæmt aðgerðaráætlunum um tilfærslu á verkefnum og safnkosti þessara tveggja héraðsskjalasafna færðust eftirtalin verkefni frá Borgarskjalasafni þann 1. janúar og frá Héraðsskjalasafni Kópavogs þann 1. apríl. Í því fólst að Þjóðskjalasafn Íslands hefur viðtöku á skjölum frá stjórnsýslu og stofnunum sveitarfélaganna og veitir Þjóðskjalasafn ráðgjöf og hefur eftirlit með skjalahaldi þeirra. Í því felst meðal annars að samþykkja málalykla, skjalavistunaráætlanir og skjalageymslur, afgreiða tilkynningar á rafrænum gagnasöfnum, samþykkja afhendingarbeiðnir á viðtöku pappírsskjala, ákveða um grisjun skjala og hafa eftirlit með skjalavörslu og skjalastjórn sveitarfélaganna. Þá hóf Þjóðskjalasafn viðtöku einkaskjalasafna frá Reykjavík og Kópavogi á árinu.

Fundur opinberra skjalasafna

Opinber skjalasöfn, þ.e. Þjóðskjalasafn Íslands og héraðsskjalasöfn, eiga ýmiss konar samstarf. Í fjölda ára hafa verið haldnir árlegir fundir opinberra skjalasafna. Fundur opinberra skjalasafna árið 2024 fór fram 25. október í Þjóðskjalasafni Íslands. Að þessu sinni voru kynningar á stafrænni vegferð Þjóðskjalasafns, nýju skjalaskrárkerfi safnsins sem er í innleiðingu, stöðu á tilfærslu verkefna og safnkosts Borgarskjalasafns Reykjavíkur og Héraðsskjala-

safns Kópavogs til Þjóðskjalasafns og húsnæðisgreiningu Þjóðskjalasafns. Einnig voru kynnisheimsóknir héraðsskjalasafna í Þjóðskjalasafn ræddar. Þá var sérstök umræða um framtíðarfyrirkomulag þessara funda og hvernig best væri að haga samstarfi opinberra skjalasafna en söfnin hafa í gegnum tíðina verið í ýmskonar samstarfi. Alls sóttu tæplega 30 manns fundinn frá 16 opinberum skjalasöfnum.

Fræðsluheimsókn starfsfólks héraðsskjalasafna í Þjóðskjalasafn

Dagana 12.-15. nóvember síðastliðinn tók Þjóðskjalasafn á móti starfsfólki nokkurra héraðsskjalasafna í fræðsluheimsókn. Hugmyndin að fræðsluheimsókninni kom frá Héraðsskjalasafninu á Ísafirði sem óskaði eftir að fá að koma í heimsókn í Þjóðskjalasafn og fræðast um starfsemina sem lið í símenntun starfsfólks safnsins. Fleiri héraðsskjalasöfn bættust svo í hópinn og úr varð að sex starfsmenn frá fjórum héraðsskjalasöfnum sóttu fræðslu um starfsemi Þjóðskjalasafns þessa daga, frá héraðsskjalasöfnum Austur-Skaftafellssýslu, Rangæinga og Vestur-Skaftafellssýslu, Kópavogs og Ísafirði.

Starfsfólk héraðsskjalasafnanna fékk fræðslu um fjölbreytt verkefni Þjóðskjalasafns, svo sem um heimildaútgáfu, stafræna endurgerð, miðlun, ráðgjöf og eftirlit, rafræna skjalavörslu, viðtöku pappírsskjalasafna, upplýsingaþjónustu og frágang og skráningu skjala. Alls komu 14 starfsmenn Þjóðskjalasafns að mismunandi þáttum fræðslunnar.

Góður rómur var gerður að heimsókninni og hefur Þjóðskjalasafn boðið starfsfólki allra héraðsskjalasafna að þiggja slíka fræðslu.



Frá heimsókn starfsfólks héraðsskjalasafna

Þjóðskjalavörður heimsækir héraðsskjalasöfn

Á starfsárinu heimsótti Hrefna Róbertsdóttir þjóðskjalavörður fjölda héraðsskjalasafna víða um land. Heimsóknirnar voru liður í að efla samstarf, veita faglega ráðgjöf og styrkja tengsl milli þjóðskjalasafns og héraðsskjalasafna.

Sumarheimsóknir þjóðskjalavarðar hófust í júní með heimsókn á Héraðsskjalasafn Austfirðinga á Egilsstöðum þar sem meðal annars var rætt um málefni skjalasafna í samtímanum og skoðuð ný sýning héraðsskjalasafnsins um Margréti Sigfúsdóttur, 20. aldar verkakonu, kennara og skáld í Fljótsdal. Í júlí heimsótti hún Héraðsskjalasafnið á Akureyri og Héraðsskjalasafn Vestur-Húnavatnssýslu á Hvammstanga en þar kom meðal annars til umræðu viðtaka

rafrænna gagna, nauðsyn á góðu varðveisluhúsnæði og þverfaglegt samstarf safna.

Í ágúst lauk heimsóknaröð sumarsins á Ísafirði þar sem miklar breytingar hafa átt sér stað á varðveisluaðstæðum safnsins og gögn verið flutt í nýtt húsnæði. Þar hefur jafnframt verið unnið ötullega að skráningu sóknarmannatala í samstarfi við Þjóðskjalasafn. Loks heimsótti þjóðskjalavörður Héraðsskjalasafnið á Akranesi þar sem farið var yfir aðstöðu þess og rætt um starfsumhverfi opinberra skjalasafna á landinu.

Samráðshópur um einkaskjalasöfn

Samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn skal þjóðskjalavörður beita sér fyrir að gert verði samkomulag milli opinberra skjalasafna og annarra stofnana um varðveislu einkaskjalasafna á opinberum vettvangi. Í þeim tilgangi setti þjóðskjalavörður á stofn samráðshóp um varðveislu einkaskjalasafna í október 2021. Í samráðshópnum sitja fulltrúar frá Þjóðskjalasafni, héraðsskjalasöfnum og Landsbókasafni Íslands–Háskólabókasafni. Verkefni samráðshópsins eru meðal annars að hafa umsjón með og þróa vefinn *Einkaskjalasafn.is*; halda við og endurnýja reglulega leiðbeinandi aðfangastefnu fyrir Ísland; halda utan um aðfangastefnur vörsluaðila um söfnun einkaskjalasafna sem hafa verið samþykktar og birtar; standa fyrir sameiginlegu söfnunarátaki tiltekinna flokka einkaskjalasafna og hafa samstarf við aðra hagsmunaaðila um verkefni sem snúa að söfnun, varðveislu og aðgengi að einkaskjalasöfnum, svo sem háskólasamfélagið, menningarstofnanir og félagasamtök. Þá á hópurinn að vinna að öðru sem snýr að söfnun, varðveislu, aðgengi og miðlun einkaskjalasafna á Íslandi eins og við á, svo sem verklag og leiðir til að tryggja varðveislu rafrænna einkaskjalasafna.

Styrkir til héraðsskjalasafna

Framlag til héraðsskjalasafna 2024 var 31,5 m.kr. Þar af var rekstrarframlag 16,3 m.kr. og verkefnastyrkir 15,2 m.kr.

Beint rekstrarframlag ríkisins til héraðsskjalasafna deildist þannig niður að 45% framlagsins skiptist á öll 20 söfnin. 40% deilist á milli safna með 1-2,9 stöðugildi eða 5-14 þúsund íbúa. 10% deilist milli safna með 3-4,9 stöðugildi eða 15 til 49 þúsund íbúa. 5% deilist milli safna með 5 eða fleiri stöðugildi eða fleiri en 50 þúsund íbúa.

Á árinu 2024 voru 16 héraðsskjalasöfn með heilt stöðugildi eða meira. Rekstrarframlagið var greitt í þremur greiðslum, í apríl, ágúst og nóvember.

Verkefnastyrkir til héraðsskjalasafna eru til skönnunar og miðlunar skjala. Við veitingu styrkja 2024 höfðu forgang við úthlutun umsóknir um skönnun og miðlun skjala sem eru frá því fyrir 1944 og umsóknir sem tvö eða fleiri héraðsskjalasöfn stóðu að.

Þann 28. febrúar var auglýst eftir umsóknum um styrki til héraðsskjalasafna fyrir skönnun og miðlun á skjölum. Til úthlutunar voru 15,2 m.kr. Alls bárust 26 umsóknir um styrki frá tíu héraðsskjalasöfnum. Heildarupphæð umsókna var kr. 33.056.483. Ákveðið var að úthluta styrkjum til 17 verkefna.

Styrkir til héraðsskjalasafna vegna skönnunar og miðlunar		
Verkefnastyrkur 2024	Verkefni	Upphæð
Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar	Bréfasafn Mosfellshrepps	1.000.000
Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar	Jafnaðarfélag Gullbringu og Kjósarsýslu 1937-1955	150.000
Héraðsskjalasafn Akraness	Ungmennafélag Akraness	900.000
Héraðsskjalasafn Borgfirðinga	Hreppsþækur, fundargerðir o.fl.	900.000
Héraðsskjalasafn Ísfirðinga	Gjörðabækur hreppa og Ísafjarðar	1.000.000
Héraðsskjalasafn Vestur-Húnavatnssýslu	Kvenfélög í Vestur-Húnavatnssýslu	800.000
Héraðsskjalasafn Austur-Húnavatnssýslu	Hreppsgögn, 1. áfangi	750.000
Héraðsskjalasafn Skagfirðinga	Sveitablöð í Skagafirði VI áfangi	400.000
Héraðsskjalasafn Skagfirðinga	Kvenfélög og lestrarfélög	800.000
Héraðsskjalasafn Skagfirðinga	Afritun elstu gagna hreppa í Skagfirði VII áfangi	700.000
Héraðsskjalasafnið á Akureyri	Íbúaskrár á Akureyri 1944-1949	1.500.000
Héraðsskjalasafn Þingeyinga	Þingeyingaskrá Konráðs Vilhjálmssonar	800.000
Héraðsskjalasafn Þingeyinga	Hreppabækur úr Þingeyjarsýslu	900.000
Héraðsskjalasafn Árnesinga	Gjörðabækur og skjöl hreppa og hreppstjóra í Árnessýslu	1.500.000
Héraðsskjalasafn Árnesinga	Brunavirðingar úr Árnessýslu	800.000
Héraðsskjalasafn Árnesinga/Rangárvallasýslu/ og Vestur-Skaftfellina	Skjöl hreppa og félaga í Rangárvallasýslu og V-Skaftafellssýslu	1.100.000
Héraðsskjalasafn Vestmannaeyja	Sýslu og hreppsskjöl Vestmannaeyja 1829-1926	1.200.000
Samtals:		15.200.000

9. Alþjóðasamstarf

Evrópsk stefna í skjalamálum

European Archives Group (EAG) er samráðshópur þjóðskjalasafna í Evrópu sem starfar sem ráðgefandi sérfræðihópur fyrir Evrópuráðið í málefnum skjalasafna. Í lok maí var samþykkt ný evrópsk stefna í skjalamálum fyrir 2025-2030. Á síðasta fundi hópsins í Búdapest var svo samþykkt aðgerðaáætlun til útfærslu á stefnunni. Á grundvelli stefnunnar voru mótaðar 10 aðgerðir fyrir söfnin, tvær á hverju ári til næstu fimm ára.

Nýja evrópska stefnan tengir saman stefnu og lagagerðir ESB við núverandi áskoranir á sviði skjalasafna og býður upp á stefnumótandi leiðbeiningar fyrir skjalasöfn. Henni er skipt í tvö megin þemu:

- Skjalasöfn styðji við lýðræði
- Traust almennings á skjalasöfn í stafrænum heimi sé tryggt

Aðgerðaáætlunin tekur á málefnum svo sem sjálfstæði skjalasafna og starfi þeirra; þátttöku safnanna í þróun borgaralegs samfélags; gervigreind; gagnadrifnu hagkerfi; rafrænum auðkennum og undirskriftum og áframhaldandi stafrænum umbreytingum opinberrar þjónustu og fleiru.

Fundur norrænna skjalasafna í Hveragerði

Einu sinni á ári funda norrænir ríkisskjalaverðir ásamt yfirstjórnendum og taka fyrir ákveðin viðfangsefni. Í ár fór fundurinn fram í Hveragerði dagana 29.-30. ágúst og var áherslan á öryggismál í viðum skilningi. Samvinna norrænna ríkisskjalasafna er umtalsverð og hefur styrkst á undanförunum árum. Mikilvægur

liður í samstarfinu eru reglulegir fundir ríkisskjalavarðanna en árlega er fundur sem aðrir í yfirstjórn safnanna taka einnig þátt í. Þá er tekið fyrir ákveðið málefni sem flutt eru erindi um og í ár voru öryggismál á oddinum.



Danir kynntu forsendur nýs áhættumats danska ríkisskjalasafnsins fyrir pappírs-safnkost þeirra en það er byggt á sömu forsendum og áhættumat fyrir stafrænan safnkost.

Finnar ræddu um hlutverk ríkisskjalasafnsins í viðbragðsáætlunum sem gerðar eru vegna mögulegra áfalla eða ógnana, þar með talið stríðsátaka. Bentu þeir á að sjaldan sé næg samvinna og samráð á milli þeirra sem móta varnarstefnu ríkja og þeirra stofnana sem varðveita menningararf þeirra.

Norðmenn ræddu einnig um leiðir til þess að tryggja öryggi ríkisskjalasafnsins, pappírs- og stafrænan safnkost. Bentu þeir á að í stafrænu umhverfi samtímans verður líklega ekki komið í veg fyrir að stórveldi geti skoðað gögn annarra ríkja en vonandi sé hægt að hindra að aðrir eigi við eða eyði gögnum.

Svíar ræddu um neyðaráætlanir og hvernig ætti að bregðast við ef ekki er hægt að verja gögn skjalasafna á staðnum. Flutningur eða dreifing safnkosts á marga staði krefst þess að búið sé að meta forgangsörðun og mikilvægi gagna og í einhverjum tilfellum geti verið óhjákvæmilegt að eyða sérstaklega mikilvægum gögnum sem alls ekki megi falla í hendur annarra ríkja.

Framlag Íslands til umræðunnar um öryggismál var erindi um umhverfisógnir, nýlegar reynslusögur af viðbrögðum Þjóðskjalasafns Íslands við náttúruhamför- unum á Reykjanesi og skriðuföllum á Seyðisfirði og mikilvægum lærdómi sem dreginn hefur verið af þeim.

Í framhaldi af erindum og umræðu um öryggismál tók allur hópurinn þátt í vinnustofum um samfélagsleg áhrif skjalasafna.

Á fundinum var jafnframt farið yfir vinnu sérfræðihópa sem starfa á norrænum vettvangi ríkisskjalasafna. Sérfræðihóparnir eru átta talsins og fjalla þeir um sameiginleg málefni skjalasafna, allt frá varðveislu einkaskjalasafna til notkunar gervigreindar í skjalavörslu.

Norrænir sérfræði- og samráðshópar

Alls eru starfandi átta sérfræðihópar á Norðurlandavettvangi sem starfsfólk Þjóðskjalasafns tekur þátt í. Þar er tekið á faglegum málefnum á ýmsum sviðum. Hóparnir hittast reglulega, ýmist í fjarfundum eða í tengslum við ráðstefnur norrænu ríkisskjalasafnanna sem haldnar eru á þriggja ára fresti.

Hóparnir sem nú eru starfandi eru eftirfarandi:

1. Lagaumhverfi skjalasafna á Norðurlöndum (Archival legislation)
2. Skjalastjórnun (Archiving by design)
3. Einkaskjalasöfn (Private archives)
4. Stefnumótun (Strategic questions)
5. Gervigreind, textagreining og sjálfböðastörf (AI, HTR and crowdsourcing)
6. Stafræn þjónusta (Digital user services)
7. Rafræn langtímavarsla (NorDig)
8. Öryggismál (Preparedness)

10. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru samþykkt árið 2015. Þau eru 17 talsins með 169 undirmarkmið og gilda til ársins 2030. Hér má sjá hvernig Þjóðskjalasafn tengir starfsemi sína við Heimsmarkmiðin fyrir árið 2023.



- Kaupum sanngjarnt framleiddar vörur, t.d. kaffi



- Engin matarsóun



- Samgöngusamningar
- Íþróttastyrkir
- Hjólavottun
- Vinnuvernd
- Heilsutengdir fyrirlestrar
- Hreinlætis- og búningaþstaða
- Hjólað í vinnuna
- Lífshlaupið



- Markviss starfsþróun
- Starfsmanna- og starfsþróunarsamtöl
- Rannsóknarleyfi
- Aukið framboð efnis til fræðslu og miðlunar
- Framlag til háskólamenntunar
- Áhersla á hæft og vel menntað starfsfólk



- Jafnlaunavottun
- Jafnréttisstefna
- Jafnréttisnefnd
- Sveigjanlegur vinnutími



- Fylgst með vatnsnotkun



- Fylgst með rafmagnsnotkun



- Bætt aðgengi að safnkostinum og skilvirk þjónusta
- Áhersla á góðan rekstur innan fjárheimilda
- Starfsánægja mæld
- Fjöldi starfsfólks aukinn



- Efla skjalavörslu og skjalaskil afhendingarskyldra aðila
- Nýsköpun innan fageininga
- Virk sókn í nýsköpunarsjóði
- Aukið framboð efnis til fræðslu og miðlunar
- Samstarf við háskóla í kennslu
- Áhersla á nýsköpun í stefnumótun



- Jafnréttisstefna
- Jafnlaunavottun
- Jafnréttisnefnd
- Persónuvernd og söfnun upplýsinga



- Efla skjalavörslu og skjalaskil afhendingarskyldra aðila
- Ráðgjöf á starfssviðum Þjóðskjalasafns
- Samgöngusamningar við starfsfólk
- Loftslags- og umhverfisstefna
- Réttindi borgaranna og hagur stjórnsýslunnar



- Vistvæn innkaup
- Grænt bókhald
- Loftslagsmarkmið



- Umhverfisvænar lausnir
- Umhverfis- og loftslagsstefna
- Samgöngusamningar
- Kolefnisjöfnun
- Aukin áhersla á rafræn skil
- Áhersla á fjarfundi og fjarkennslu



- Leiðandi í umhverfislausnum sem hafa jákvæði áhrif á umhverfið
- Loftslags- og umhverfisstefna



- Leiðandi í umhverfislausnum sem hafa jákvæð áhrif á umhverfið
- Loftslags- og umhverfisstefna
- Samgöngustefna



- Mannauðsstefna
- Jafnréttisstefna
- Stefna gegn einelti og áreitni
- Reglur um heilsu- og öryggismál
- Reglur um persónuvernd



- Þátttaka í starfi ICA (Alþjóða skjalaráðið)
- Þátttaka í starfi FAN (Alþjóðastarf þjóðskjalavarða)
- Formennska í Íslandsdeild Blue Shield (Blái skjöldurinn)

Viðauki 1. Starfsfólk Þjóðskjalasafns 1. desember 2024

Arnfríður Inga Arnmundsdóttir	Skjalastjóri	Kristinn Valdimarsson	Skjalavörður
Atli Björn Jóhannesson	Skjalavörður	Kristjana Kristinsdóttir	Skjalavörður
Árni Jóhannsson	Skjalavörður	Logi Sigmundsson	Starfsmaður skjalasafna
Bára Stefánsdóttir	Skjalavörður	Margrét Gunnarsdóttir	Skjalavörður
Benedikt Eypórsson	Fagstjóri upplýsingaþjónustu	Njörður Sigurðsson	Aðstoðarþjóðskjalavörður
Bjarni Þórðarson	Húsnæðisstjóri	Ólafur Arnar Sveinsson	Sviðsstjóri fræðslu og rannsókna
Brynhildur Ingvarsdóttir	Sérfræðingur í miðlun	Ólafur Valdimar Ómarsson	Skjalavörður
Edvard Kristinn Guðjónsson	Stafræn endurgerð	Ólöf Jóna Tryggvadóttir	Mannauðs- og gæðastjóri
Fanney Sigurgeirsdóttir	Sérfræðingur í rafrænni skjalavörslu	Ragnhildur Anna Kjartansdóttir	Skjalavörður
Gísli Baldur Róbertsson	Skjalavörður	Ragnhildur Hólmgeirsdóttir	Skjalavörður
Gísli Skagfjörð	Stafræn endurgerð	Sigríður Andrea Ásgeirsdóttir	Sérfræðingur í rafrænni skjalavörslu
Gunnar Örn Hannesson	Fagstjóri skráninga	Sigríður Hjördís Jörundsdóttir	Skjalavörður
Hans Hreinsson	Skjalavörður	Sigurður Rafn Borgþórsson	Sérfræðingur í rafrænni skjalavörslu
Haukur Kristófer Bragason	Sérfræðingur í rafrænni skjalavörslu	Símon Hjalti Sverrisson	Sérfræðingur í miðlun
Heiðar Lind Hansson	Fagstjóri gagnaskila og eftirlits	Tómas Helgi Svavarsson	Skjalavörður
Helga Hlín Bjarnadóttir	Skjalavörður	Unnar Rafn Ingvarsson	Fagstjóri stafrænnar endurgerðar
Helga Jóna Eiríksdóttir	Skjalavörður og lektor í skjalfræði	Yngvi Leifsson	Skjalavörður
Helga Lilja Bergmann	Skjalavörður	Þórdís Anna Baldursdóttir	Forvörður
Helgi Valdimar Viðarsson Biering	Stafræn endurgerð	Þórunn Marel Þorsteinsdóttir	Skjalavörður
Hrefna Róbertsdóttir	Þjóðskjalavörður	Þuríður Árnadóttir	Sviðsstjóri rekstrar
Indriði Svavar Sigurðsson	Skjalavörður		
Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir	Verkefnastjóri heimildaútgáfu	Björk Ingimundardóttir	Gestafræðimaður
Jón Torfi Arason	Skjalavörður		
Karen Þóra Sigurkarlsdóttir	Fagstjóri varðveislu	<i>Í leyfi</i>	
Kjartan Jakobsson Richter	Skjalavörður	Kristjana Vigdís Ingvadóttir	Skjalavörður
Kolbeinn Sturla G. Heiðuson	Skjalavörður	Olga Dagmar Erlendsdóttir	Forvörður

Viðauki 2. Afhendingar 2024

Afh.nr.	Heiti	Afhendingaraðli	HM	Gb	Frá	Til
1	Haukur Ársælsson (1930-2021) rafvirki og rafmagnseftirlitsmaður	Elizabeth Walgenbach	0,01		1873	1996
2	Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga	Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga	0,26		1920	2008
3	Skógræktarfélag Reykjavíkur	Auður Kjartansdóttir	3,33		1903	2009
4	Reiknistofa bankanna	Reiknistofa bankanna	15,68		1973	2021
5	Sparisjóður Hornafjarðar	Landsbankinn hf.	1,36		1961	1971
6	Jón Árnason Egilson (1865-1931) skrifstofumaður og kaupmaður	Þórunn Erla Stefánsdóttir	0,05		1912	1931
7	Heilsugæslustöð Þórshafnar	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	2,96		1920	2020
8	Heilsugæslustöðin Kópaskeri	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	0,88		1933	2019
9	Heilsugæslustöðin Raufarhöfn	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	0,32		1954	2023
10	Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	2,88		1921	2023
11	Sparisjóður Árskógsstrandar	Landsbankinn hf.	0,16		1930	1993
12	Sparisjóður Hríseyjar	Landsbankinn hf.	0,4		1917	1992
13	Sparisjóður Svarfdæla	Landsbankinn hf.	0,96		1978	2015
14	Sigurður Björnsson ehf.	Signhildur Sigurðardóttir	0,5		1988	1990
15	Björn Jóhannes Konráðsson (1894-1988) búfræðingur og bústjóri	Signhildur Sigurðardóttir	0,05		1919	1946
16	Íslenska óperan	Íslenska óperan	13,44		1979	2023
17	Póst- og fjarskiptastofnun	Fjarskiptastofa		128	2017	2021
18	Þóra Sigurðardóttir (1954-) myndlistamaður	Sólrún Sumarliðadóttir	0,03		1985	1985
19	Framfarafélag Seláss og Árbæjar	Ingi B. Jónasson	0,05		1954	1970
20	Þjóðminjasafn Íslands	Þjóðminjasafn		50,66	2015	2019
21	Axel Björnsson (1942-2023) jarðeðlisfræðingur	Hrefna Kristmannsdóttir	0,52		1973	1998
22	Lindalax sa.	Sigurmar Albertsson	0,05		1986	1989
23	Handsal (Burnham International á Íslandi)	Sigurmar Albertsson	0,03		1998	2001
24	Penninn	Sigurmar Albertsson	0,01		2005	2009
25	Meistarafélag húsasmiða	Meistarafélag húsasmiða	1,15		1978	2016
26	Reykjavíkurlistinn	Gestur Kristinn Gestsson	0,04		1994	2002
27	Ragnheiður Kristín Steindórsdóttir (1952-) leikkona	Ragnheiður Kristín Steindórsdóttir	0,11		1957	2023
28	Dalíuklúbburinn	Fríða Ragnarsdóttir	0,53		1967	2023
29	Verkamannasamband Íslands	Starfsgreinasamband Íslands	12,46		1940	2003

Afh.nr.	Heiti	Afhendingaraðli	HM	Gb	Frá	Til
30	Útlendingaefirlitið	Útlendingastofnun	11,68		1958	2002
31	Meistarafélag húsgagnabólstrara	Félag húsgagnabólstrara	0,38		1928	2000
32	Innheimtustofnun sveitarfélaga	Innheimtustofnun sveitarfélaga	105			
33	Ágúst Bjartmars (1924-2016) húsasmiður og kennari	Kristján Bjartmars	0,51		1962	2014
34	Iðnskólinn í Stykkishólmi	Kristján Bjartmars	0,3		1953	1998
35	Sigfús Bergmann Sigurðsson (1918-2023) bifvélavirki og kennari	Guðný Sigfúsdóttir og Sigrún Sigfúsdóttir	0,03		1927	1981
36	María Wilhelmina Heilmann Eyvindardóttir (1901-1982) húsmóðir	Sigrún Sigfúsdóttir	0,03		1959	1978
37	Tannlæknastofan Valhöll ehf.	Tannlæknastofan Valhöll ehf.	5			
38	Ástríður Pálsdóttir (1948) sameindalíffræðingur og Páll Hersteinsson (1951-2011) veiðistjóri og prófessor	Ástríður Pálsdóttir	0,32		1994	2024
39	Ólafur Ísleifsson (1881-1924) skipstjóri og Stefánía Pálsdóttir (1886-1953) húsmóðir	Vilborg Ísleifsdóttir	0,01		1900	1920
40	Katrín Jakobsdóttir (1976) forsætisráðherra og alþingismaður	Katrín Jakobsdóttir	12			
41	Félag kvenna í atvinnulífinu (FKA)	Félag kvenna í atvinnulífinu	0,02		2020	2021
42	Landhelgisgæsla Íslands	Landhelgisgæsla Íslands	20		1776	2017
43	Guðbjörg Þorbjörnsdóttir (1916-1962) þjónakona	Sigríður Arnórsdóttir	0,01		1930	1930
44	Arnór Þorkelsson (1921-2005) málarameistari og Hulda Ingvarsdóttir (1923-2015) sauma- og kjólameistari	Sigríður Arnórsdóttir	0,01		1935	1962
45	Steingerður Guðmundsdóttir (1912-1999) skáld og leikkona	Kristín Waage	0,01		1961	1961
46	Karl Jónsson (1899-1972) bankaritari	Karl Jónsson	0,06		1934	1968
47	Finnur Thorlacius (1883-1974) byggingameistari og kennari	Finnur Orri Thorlacius	1		1925	1966
48	Skíðadeild Íþróttafélags Reykjavíkur (ÍR)	Helgi Axelsson	0,02		1957	1974
49	Róbert Dan Jensson (1935-2011) stýrimaður og forstöðumaður	Björg Dan Róbertsdóttir	0,06		1937	1977
50	Séra Jakob Einarsson (1891-1977) prestur	Bjartur Aðalbjörnsson	3		1917	1974
51	Landvernd, landgræðslu- og umhverfisverndarsamtök Íslands	Heiður Agnes Björnsdóttir	10		1969	2020
52	Sjálfboðaliðasamtök um náttúruvernd	Heiður Agnes Björnsdóttir	1,5		1986	2000
53	Ragnhildur Guðmundsdóttir (1903-1983) hjúkrunarfræðingur	Björn Pálsson	0,03		1922	1937
54	Náttúrufræðistofnun Íslands	Náttúrufræðistofnun Íslands		290	2013	2017
55	Valgerður Jóna Ívarsdóttir (1901-1987) húsfreyja og Sigurður Kristjánsson (1900-1965) vélstjóri og útgerðarmaður	Gréta Ásgeirsdóttir	0,01		1923	1923
56	Sesselja Halldórsdóttir (1951) hljóðfæraleikari og bókasafnsfræðingur	Sesselja Halldórsdóttir	0,1		1982	2024
57	Ólafur Bjarni Jóhannesson (1867-1936) útgerðarmaður og Áróra Gunnarsdóttir Bachmann (1874-1954) húsfreyja	Steingerður Jóhannsdóttir	0,06		1895	1953

Afh.nr.	Heiti	Afhendingaraðli	HM	Gb	Frá	Til
58	Friðþjófur Ó. Jóhannesson (1905-1971) kaupmaður og Jóhanna C. M. Jóhannesson (1908-1994) húsfreyja	Steingerður Jóhannsdóttir	0,06		1929	1983
59	Guðrún Jóna Margrét Finnbogadóttir (1893-1978) ljósmóðir og húsfreyja	Steingerður Jóhannsdóttir	0,01		1947	1972
60	Kolbrún Friðþjófsdóttir (1936-2006) þýðandi og kennari	Steingerður Jóhannsdóttir	0,3		1939	1994
61	Jóhann Þorsteinsson (1928-2016) bóndi	Steingerður Jóhannsdóttir	0,03		1944	1998
62	Guðfinna Ebenesersdóttir (1850-1934) húskona	Steingerður Jóhannsdóttir	0,01		1899	1903
63	Pétur Sigurgeirsson (1919-2010) biskup	Sólveig Pétursdóttir	0,69		1874	1996
64	Sýslumaðurinn í Gullbringu og Kjósarsýslu og bæjarfógetinn í Hafnarfirði	Hafnarfjarðarkaupstaður	0,08		1947	1953
65	Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ		12,7	2019	2023
66	Lárus Þorvaldur Guðmundsson (1933) prestur	Özur Lárusson	0,5		1963	2000
67	Anna Guðrún B. Tryggvadóttir (1927-2020) kennari og Bjarni Guðnason (1928-2023) prófessor	Auður Bjarnadóttir	0,01		1853	1963
68	Jón Jónsson (1858-1922) bóndi og hreppstjóri	Hilmar Jónsson	0,08		1880	1900
69	Ásgeir Halldór Jónsson (1896-1985) bóndi og hreppstjóri	Hilmar Jónsson	0,08		1920	1965
70	Búnaðarfélag Skógarstrandar	Hilmar Jónsson	0,08		1900	1965
71	Skógarstrandarhreppur	Hilmar Jónsson	0,08		1940	1960
72	Magnús Guðmundsson (1925-2006) prestur	Sigurbjörn Magnússon	0,58		1948	1986
73	Kór Menntaskólans við Hamrahlíð og Hamrahlíðarkórinn	Hrafn Sveinbjarnarson	3,66		1966	2015
74	Víólufélag Íslands	Sesselja Halldórsdóttir	1		2004	2006
75	Ólafur Þorkelsson (1897-1988) bílstjóri	Una Árnadóttir	0,08		1935	1968
76	Norræna húsið	Norræna húsið	16,48		1962	1999
77	Byggingastofnun landbúnaðarins	Gunnar M. Jónasson	0,03		1953	1987
78	Þórarinn Þórarinsson (1943-) arkitekt	Þórarinn Þórarinsson	2		1975	1998
79	Bæjarfögetaembættið í Vestmannaeyjum	Héraðsdómur Suðurlands	0,88		1905	2000
80	Sýslumaðurinn í Vestur-Skaftafellssýslu	Héraðsdómur Suðurlands	0,4		1973	1992
81	Sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu	Héraðsdómur Suðurlands	0,56		1977	1992
82	Húsmæðrakennaraskóli Íslands	Háskóli Íslands	0,08		1942	1978
83	Edda Sigrún Ólafsdóttir (1936-2017) lögmaður og Helgi Hreiðar Sigurðsson (1934-2019) úrsmiður	Sigrún Gréta Helgadóttir	0,03		1927	2007
84	Íþróttakennaraskóli Íslands	Háskóli Íslands	2,24		1933	2002
85	Þroskaþjálfaskóli Íslands	Háskóli Íslands	0,8		1974	2012
86	Kennaraháskóli Íslands	Háskóli Íslands	36,64		1908	2010

Afh.nr.	Heiti	Afhendingaraðli	HM	Gb	Frá	Til
87	Hjálpræðisherinn á Íslandi	Hjálpræðisherinn á Íslandi	30		1896	2020
88	Sementsverksmiðja rikisins	Sementsverksmiðjan ehf.	6		1971	2003
89	Gerðahreppur	Suðurnesjabær	1,76		1966	2009
90	Ríkisskattstjóri	Skatturinn	21,52		1917	2020
91	Halldóra Edda Jónsdóttir (1933-2021) og Sigurður Þorkell Árnason (1928-2023) skipherra	Steinunn Viðar Sigurðardóttir	0,24		1958	2018
92	Menntamálastofnun	Miðstöð menntunar og skólaþjónustu	47		1950	2015
93	Tónskóli Þjóðkirkjunnar	Tónskóli Þjóðkirkjunnar	0,16		1943	2010
94	Gjaldþrot / Þrotabú	Juvo lögmenn	1		2010	2020
95	Ingimar Aðalsveinn Óskarsson (1892-1981) grasafræðingur og kennari og Margrét Kristjana Steinsdóttir (1896-1982) húsmóðir	Sigrún Magnúsdóttir	0,03		1932	1980
96	Magnús Ingimarsson (1933-2000) tónlistarmaður og prentari	Sigrún Magnúsdóttir	0,01		1949	1949
97	Ættfræðifélagið	Ættfræðifélagið	1			
98	Gjaldþrot / Þrotabú - CYREN Iceland hf.	Advel Lögfræðiþjónusta	3		2012	2023
99	Svava Jakobsdóttir (1930-2004) rithöfundur og alþingismaður	Jón Hnefill Jakobsson	0,3			
100	Stefana Guðbjörg Björnsdóttir (1885-1983) saumakona	Ingi Heiðmar Jónsson og Guðrún Þóranna Jónsdóttir	0,4			
101	Sesselja Halldórsdóttir (1951) hljóðfæraleikari og bókasafnsfræðingur og Gunnhildur Daðadóttir (1983) hljóðfæraleikari	Sesselja Halldórsdóttir	0,2			
102	Guðjón Jónsson (1870-1945) bóndi	Sesselja Halldórsdóttir	0,3			
103	Jón Þorláksson (1877-1935) alþingismaður og ráðherra og Ingibjörg Frederikke Claessen Þorláksson (1878-1970) húsfreyja	Baldvin Örn Berndsen	0,4			
104	Alþingi, eiðstafur Forseta Íslands	Alþingi	0,03		2024	2024
105	Kommúnistasamtökin	Ingólfur Á. Jóhannesson	0,05		1982	1983
106	Jökull Pétursson (1908-1973) málarameistari	Soffía Garðarsdóttir	1		1930	1970
107	Karólína Ingibjörg Jónsdóttir (1922-2010) gjaldkeri	Helena Ragnarsdóttir	1,2		1961	2010
108	Unnur Hermannsdóttir (1912-1994) kennari	Ragnheiður Hansdóttir	0,8		1930	1994
109	Guðfinna Björnsdóttir (1964) sjúkraþjálfari	Guðfinna Björnsdóttir	0,1		2014	2021
110	Gjaldþrot/Þrotabú	Opus lögmenn	1		2019	2019
111	Helga Magnúsdóttir (1891-1962) ljósmóðir	Eyjólfur Högnason	0,03		1921	1996
112	Sigurður Guðmundsson (1912-1973) ritstjóri	Ásdís Þórhallsdóttir	6		1922	1973
113	Skattstofa Reykjavíkur	Skatturinn	2,8		1873	1996
114	Listasafn Einars Jónssonar	Listasafn Einars Jónssonar	2		1893	2024
115	Sandgerðisbær	Suðurnesjabær	16,96		1924	2024

Afh.nr.	Heiti	Afhendingaraðli	HM	Gb	Frá	Til
116	Helga Sigurðardóttir (1919-2004) hárgreiðslumeistari og Lárus Benedikt Björnsson (1923-2005) vélstjóri og verkstjóri	Þórhildur Lárusdóttir	0,08		1925	1985
117	Sigurður Thoroddsen (1863-1955) landsverkfræðingur og yfirkennari	Sigurður G. Thoroddsen	0,25		1880	1935
118	GoPro Ltd.	Menntaskólinn við Hamrahlíð		26,6	2018	2023
119	Reynir Jónsson (1952) tannlæknir	Reynir Jónsson, Kvisthaga 23. 107 Rvk	0,4		1980	2022
120	Sigurjón Arnlaugsson (1954) tannlæknir	Sigurjón Arnlaugsson	16,64		1992	2023
121	Félag leiðsögumanna	Erla S. Árnadóttir fh. dánarbús Birnu G. Bjarnleifsdóttur	0,4		1972	1999
122	Gjaldþrot / Þrotabú	Advel lögmenn	0,48			
123	Jónína Þ. Erlendsdóttir (1882-1967) húsmóðir	Nína Björnsdóttir og Ásgerður Erla Björnsdóttir	0,01		1924	1924
124	Björn Jónsson (1911-1979) kennari og skólastjóri og Borghild Jónsson Joensen (1919-2004) hjúkrunarkona	Nína Björnsdóttir og Ásgerður Erla Björnsdóttir	0,03		1862	2004
125	Nína Björnsdóttir (1949) hjúkrunarfræðingur og Guðmundur Gíslason (1950-2024) kennari og kaupfélagsstjóri	Nína Björnsdóttir	0,03		1970	1997
126	Bílgreinasambandið	Bílgreinasambandið	3,2		1913	2020
127	Gunnar J. Friðriksson (1921-2011) framkvæmdarstjóri	Ragnar J. Gunnarsson	1			
128	Gestur Ingvi Kristinsson (1935-2006) hreppstjóri	Sveinbjörn Erlendur Yngvi Gestsson	0,08		1917	1987
129	Jón Hjörtur Stefánsson (1905-1998) skipstjóri	Þröstur Eggertsson	0,08			
130	Fósturskóli Íslands	Háskóli Íslands	1,6		1906	2004
131	Jes Einar Þorsteinsson (1934-2024) arkitekt og myndlistarmaður	Sigurður Halldór Jesson	14		1956	2019
132	Arkitektafélag Íslands	Sigurður Halldór Jesson	1		1970	1990
133	Þorsteinn Einarsson (1911-2001) kennari	Sigurður Halldór Jesson	2		1950	1970
134	Borgarholtsskóli	Borgarholtsskóli		70,5	2018	2023
135	Sparisjóður Vestur-Húnavatnssýslu	Landsbanki Íslands	2,08		1917	2010
136	Sparisjóður Hrútfirðinga	Landsbanki Íslands	0,4		1911	1997
137	Reiknistofa bankanna	Reiknistofa bankanna	6,64		1948	2023
138	Einar Stefánsson (1923-1995) forstöðumaður	Lovísa Einarsdóttir	0,5			
139	Kristín Sigurðardóttir (1962) tannlæknir	Kristín Sigurðardóttir	0,32		1993	2023
140	Eva-Marie Björnsson (1960) sjúkraþjálfari	Eva-Marie Björnsson	0,16		2010	2022
141	Póstur og sími	Héraðsskjalasafnið Ísafirði	10			
142	Náttúrufræðistofnun Íslands	Náttúrufræðistofnun Íslands		411	2018	2022
143	Tollstjórinn í Reykjavík	Skatturinn	62,4		1935	2012
144	Listasafn Íslands	Listasafn Íslands	1,84		1907	2020
145	Sparisjóður Arnfirðinga	Landsbanki Íslands	0,32		1917	1976

Afh.nr.	Heiti	Afhendingaraðli	HM	Gb	Frá	Til
146	Sparisjóður Húnaþings og Stranda	Landsbanki Íslands	0,64		1980	2012
147	Menntaskólinn við Sund	Menntaskólinn við Sund	3,92		1973	1996
148	Helgafellssveit	Stykkishólmurbær	1,6		1874	2022
149	Starfsmannafélag Hólaprentsmiðju	Árni Pétursson	0,05		1949	1981
150	Starfsmannafélagið Skarðsverjar	Árni Pétursson	0,03		1968	1973
151	Arkitektafélag Íslands	Arkitektafélag Íslands	13		1985	2019
152	Fjölbrautaskóli Vesturlands	Fjölbrautaskóli Vesturlands		39	2019	2023
153	Jón Viðar Arnórsson (1945) tannlæknir	Jón Viðar Arnórsson	1,36			
154	John Ernest Benedikz (1934-2016) taugalæknir	Embætti Landlæknis	2,5			
155	Gjaldþrot/þrotabú - Max verktakar ehf.	Advel Lögfræðipjónusta	0,32			
156	Ólafur Ingibjörnsson (1928-2007) læknir	Embætti Landlæknis	0,3			
157	Sigrún Erna Þorgeirsdóttir (1976) fóttaðgerðafræðingur	Embætti Landlæknis	0,2			
158	Einar Már Valdimarsson (1944) taugalæknir	Embætti Landlæknis	4			
159	Juridiske collegium	Steinunn Björk Ragnarsdóttir	0,05			
160	Umboðsmaður barna	Umboðsmaður barna	9,5		2004	2018
161	Alþýðubandalagið	Óþekktur	1		1977	1998
162	Hannes Sigfússon (1922-1997) ljóðskáld	Ingvaldur Róbertsdóttir	0,03			
163	Pétur Gunnarsson (1885-1955) stórkaupmaður	Óþekktur	0,26		1930	1955
164	Tækniskóli Íslands - Tækniháskóli Íslands	Háskólinn í Reykjavík	0,01		1993	2005
165	Ásgeir Ó. Einarsson (1906-1998) dýralæknir	Seltjarnarnesbær	0,32		1954	1981
166	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	37,44		1828	2024
167	Verslunin Bjarg á Akranesi	Óþekktur	0,32		1946	1953
168	Landsíminn	Óþekktur	0,06		1956	1958
169	Ólafur Haukur Eiríkur Sigtryggsson (1928-2019) forstöðumaður og bæjarráðsmaður	Regína Hauksdóttir	0,08		1920	1980
170	María Steinunn Gísladóttir	Kristján Bjartmars	1		1981	2022
171	Jóhannes Guðjónsson (1898-1950) bóndi	Kristján Bjartmars	0,05		1919	1937
172	Örum & Wulff, Þórshöfn	Óþekktur	1,04		1905	1946
173	Húseigendafélagið	Húseigendafélagið	0,8		1923	2005
174	Rangárvallaprófastsdæmi	Halldóra J. Þorvarðardóttir	1		1952	2009
175	Páll Bergþórsson (1923-2024) veðurfræðingur og forstjóri	Albert Eiríksson	1,5			
176	STEF	Stef	5		1948	2000

Afh.nr.	Heiti	Afhendingaraðli	HM	Gb	Frá	Til
177	Þorvaldína Elín Þorleifsdóttir (1895-1981) og Salómon Bárðarson (1889-1966)	Soffía Rut Hallgrímsdóttir	0,01			
178	Árni Björn Stefánsson (1949) augnlæknir	Árni Björn Stefánsson	4,8			
179	Hafrannsóknarstofnun	Hafrannsóknastofnun	7		1950	1980
180	Ragna Þóra Samúelsdóttir (1987) ljósmóðir	Ragna Þóra Samúelsdóttir	0,03		2019	2020
181	Múlahreppur	Þuríður Kristjánsdóttir	0,11		1932	1987
182	Eggert Jónsson (1950-2002) bæklunarlæknir	Petrína Halldórsdóttir	0,08			
183	Tryggingastofnun ríkisins	Egill Einarsson	0,08		1984	2000
184	Dvalarheimili aldraðra í Stykkishólmi	Stykkishólmsbær	0,64		1905	2021
185	Rasmus Reinhold Andersson (1864-1948) klæðskerameistari	Ívar Örn Guðmundsson	0,05		1898	1903
186	Björn Júlíusson (1924-2018) rafvirkjameistari og Júlíus Björnsson (1889-1977) bóndi	Ingibjörg Erla Björnsdóttir	0,3		1919	2017
187	Slysavarnafélagið Landsbjörg	Ásta Björg Björnsdóttir	0,4		1976	1995
188	Gerhard Hafström (1904-1985) prófessor við háskólann í Lundi	Erik Adolf Gerhardson Hafström	0,01		1930	1930
189	Leigjendafélag Reykjavíkur	Guðrún Halla Gunnarsdóttir	0,16		1949	1949
190	Guðmundur Sigurður Jónsson (1876-1953) hreppstjóri og kaupfélagsstjóri	Heiðar Bergmann Heiðarsson	0,16		1928	1997
191	Héraðssamband Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu	Héraðssamband Snæfellsness- og Hnappadalssýslu	4		1971	1999
Samtals hillumetrar af pappírgögnum			673,28 hm.			
Samtals gígabæt af rafrænum gögnum			1.028,46 Gb.			

Viðauki 3. Útgefin rit, erindi og greinar um skjalavörslu og safnkost Þjóðskjalasafns

Útgefnar bækur

Yfirrétturinn á Íslandi. Dómar og skjöl IV. 1733–1741. Ritstjórar Gísli Baldur Róbertsson, Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir og Ragnhildur Hólmgeirsdóttir, Reykjavík 2024.

Erindi og greinar

Árni Jóhannsson og Heiðar Lind Hansson

„Hver er ábyrgð forstöðumanna í opinberri skjalavörslu.“ Erindi flutt á fræðslufundi Félags forstöðumanna ríkisstofnanna (FFR), 13. mars 2024.

Benedikt Eypórssen

„Upplýsingaþjónusta Þjóðskjalasafns Íslands. Starfssvið og helstu verkefni.“ Erindi flutt á aðalfundi Hollvinasamtaka Þjóðskjalasafns Íslands 30. október 2024.

Fanney Sigurgeirsdóttir og Heiðar Lind Hansson

„Rafræn skil til Þjóðskjalasafns Íslands – Staða og horfur.“ Erindi flutt á fræðslufundi Félags um skjalastjórn, 20. nóvember 2024.

Hans Hreinsson

„Tryggvi og skjalasafnið“ Erindi flutt á Öskjufundi í Þjóðskjalasafni, 31. október 2024.

Heiðar Lind Hansson

„Meðhöndlun og geymsla nemendagagna.“ Erindi flutt á Endurmenntunardegi Samtaka tónlistarskólastjóra (STS), 20. janúar 2024.

„Natural Disasters and Archives: Two Recent Lessons From Iceland.“ Erindi flutt á fundi ríkisskjalavarða Norðurlandanna í Hveragerði, 29. ágúst 2024.

Hrefna Róbertsdóttir

„Spanish – Icelandic Collaboration. Cod for Wine.“ Budapest – 15th October 2024. 48th SESSION OF THE EUROPEAN BOARD OF THE NATIONAL ARCHIVISTS

Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir og Ragnhildur Hólmgeirsdóttir

„Heimildaútgáfa Þjóðskjalasafns.“ Erindi flutt á Fundi opinberra skjalasafna, 25. október 2024.

Margrét Gunnarsdóttir

„Leyndarskjalavörðurinn Grímur Thorkelín. Íslenskur menntamaður í þjónustu danskrar krúnu.“ Erindi flutt á Öskjufundi í Þjóðskjalasafni, 18. janúar 2024.

Njörður Sigurðsson

„Archival claims and shared history. Experience from the International Council on Archives.“ Erindi á 17th Polar Law Symposium í Östersund í Svíþjóð 25. september 2024.

„Shared Archival Heritage. Experience of ICA’s Expert Group on Shared Archival Heritage – EGSAH.“ Erindi á vefmálstofu Forum of National Archivists (FAN) Quarterly Virtual Colloquium on Archival Matters 5. september 2024.

„Did the 1918 Danish – Icelandic Act of Union pave the way for transfers of manuscripts and records to Iceland in 1928?“ Erindi á málstofu Danish Institute for International Studies (DIIS) The importance of archives in decolonisation processes in the North and the role of international law 2. maí 2024. Ásamt Bjarna Má Magnússyni.

„Með frelsisskrá í föðurhendi – um varðveislusögu stjórnskráa Íslands.“ Erindi á Safnanótt í Þjóðskjalasafni 2. febrúar 2024.

Ragnhildur Hólmgeirsdóttir

„Þorsteinn Jónsson. Verbúðarmaðurinn með parrukið fyrir Yfirrétti 1727.“ Erindi flutt á Öskjufundi í Þjóðskjalasafni, 22. febrúar 2024.

„... aldeilis ódrukkinn, svo sem altíð endrarnær ...“: Drykkjuskapur og áhrif hans á þyngd dóma á átjándu öld.“ Erindi flutt á málstofunni Ísland – Brennivinsland á Hugvísindaþingi, 9. mars 2024.

„Handalögmál, móðganir og varðhald á heimili héraðsdómara – Yfirrétturinn á 18. öld.“ Erindi flutt á Lagadeginum, 27. september 2024.

Sigríður H. Jörundsdóttir

„Flakkað um dómabókagrunn“. Erindi á Rannsóknardegi Þjóðskjalasafns Íslands 14. nóvember 2024.

Unnar Rafn Ingvarsson

„Hverjir voru þessir fyrstu Skagfirðingar“. Fyrirlestur í Gránu á Sauðárkróki 27. október 2024.

„Hvað á að gera við öll þessi gögn“. Erindi á Rannsóknardegi Þjóðskjalasafns 14. nóvember 2024.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS